



Alþingi

Erindi nr. P 128/39

komudagur 8.11.2002

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 6. nóvember 2002

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum.

Tilv:2002100033


Bændasamtökum Íslands hefur borist til umsagnar þingsályktunartillaga um aðgerðir til verndunar rjúpnastofninum, 11. mál.

Fyrir liggur að rjúpnastofninn er í sögulegri lægð sbr. skýrslu Ólafs K. Nielsens frá 21. ágúst sl. Undir það hefur fjöldi bænda tekið bæði nú og á undanförmum árum.

Bændasamtök Íslands taka undir nauðsyn þess að minnka veiðiálag á rjúpnastofninn. Samtökin telja æskilegast að setja eða herða reglur, sem takmarka aðgang að bráðinni eða veiðilíkur og herða eftirlit með, að slíkar reglur séu haldnar. Hér er m.a. átt við reglur um skotvopn og hugsanlega friðun ákveðinna svæða s.s. á hálendinu. Rétt virðist að stytta veiðitímamann og æskilegast er að komast hjá alfriðun, en þó er þeirri leið ekki hafnað, ef sýnt þykir, að árangri verði ekki náð með öðrum hætti. Samtökin leggjast hins vegar alfarið gegn sölubanni og telja þann kost ekki raunhæfan.

Til frekari fróðleiks er vísað til meðfylgjandi greinar eftir Árna Snæbjörnsson ráðunaut um málenfi, rjúpunnar, sem birt var í Bændablaðinu 15. október sl.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands,



Sigurður Þorgeirsson

Rjúpa

friðun - veiðar

Inngangur

Rjúpan er eftirsóttur fugl til veiða hér á landi og hefur verið nytjafugl um aldir. Fjöldi veiðimanna gengur árlega til rjúpna, en veiðunum fylgir útivist og spenna sem sífellt fleiri sækjast eftir. Þá er rjúpan eftirsótt sem jólamatur þúsunda landsmanna og hefur verið á henni oft verið býsna hátt. Á síðari áratugum hefur ásókn í rjúpnaveiðar því verið gríðarmikil og frá 1995, þegar veiðikortakerfið var tekið upp, hefur meðalveiðin verið 148.000 fuglar á ári samkvæmt veiðiskýrslum.

Fullkomnari tæki til veiða og ferðalaga hafa auðveldað aðgengi að veiðilendunum. Unnt er að komast nánast hvert sem er. Þetta veldur því að fuglinn á ekki það gríðland sem áður var þegar gengið var til rjúpna og veiðisvæðið takmarkaðist af því hversu langt menn gátu gengið.

Rjúpa var um tíma veidd til útflutnings. Hagtölur sýna að rjúpur voru fluttar úr landi á árunum 1864 – 1940, að undanskildum fjórum hléum þegar ástæða þótti til þess að alfriða hana (1915, 1920 – 1923, 1930 – 1932 og 1940 – 1942). Langmestur varð útflutningurinn á tímabilinu 1900 – 1927 og mest var veiðin árið 1927 þegar 252.650 fuglar voru fluttir út.

Rjúpnaveiðar eru ótvírætt hlunnindi sem fylgja lögbýlum og því til staðfestingar er nærtækast að vitna til laga nr. 64/1994 þar sem segir: “Landeigendum einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir.”

Verulegur hluti allra rjúpnaveiða fer fram innan landareigna lögbýla og snertir því beint hagsmuni þeirra.

Ástand rjúpnastofnsins

Umræður um að draga úr veiðiálagi á rjúpu hafa verið miklar á undanförunum árum. Skoðanir eru skiptar um áhrif skotveiða á stofninn og að hve miklu leyti eigi að grípa til friðunar. Það hefur aukið umræðurnar að undanförunu, að sá sem mest hefur rannsakað rjúpuna, Ólafur K. Nielsen, fuglafræðingur, hefur lýst ástandi rjúpnastofnsins í skýrslu frá 21. ágúst sl. þar sem m.a. kemur fram að “ef litið er til þess hvað verið hefur af rjúpu í landinu síðustu 10 árin, þá hefur stofninn að öllum líkindum ekki verið jafn faliðaður í 100 ár a.m.k.”. Ólafur ræðir m.a. um stofnbreytingar á árunum 1981 – 2002 og segir þar að lokum: “Samkvæmt þessum niðurstöðum um ástand rjúpnastofnsins og alþjóðlegum viðmiðunum á íslenska rjúpan heima á valista sem tegund í yfirvofandi hættu.”

Þótt ýmsir telji að enn frekari rannsókna sé þörf áður en ákvarðanir um aðgerðir eru teknar, þá er það hverjum manni ljóst, sem fylgst hefur með rjúpunni undanfarna áratugi, að henni fækkar jafnt og þétt. Á þetta hafa tugir bænda og veiðimanna í flestum landshlutum bent á undanförunum árum. Þegar niðurstöðum rannsókna ber saman við álit þeirra sem á vettvangi búa og fylgjast grannt með lifnaðarháttum rjúpunnar, þá er sérstök ástæða til þess að taka mark á svo samhljóða niðurstöðunum. Grípa hefði átt til friðunaraðgerða strax í haust.

Hvað er til ráða?

Fram hefur komið að Náttúrufræðistofnun Íslands telur nauðsynlegt að grípa til aðgerða til verndar rjúpunni og hefur jafnframt bent á að ofveiði sé nærtæk skýring á mikilli fækkun hennar. Undir það skal tekið hér. En hvað er til ráða?

Fram hafa komið hugmyndir um leiðir til úrbóta, svo sem,:

Algjört veiðibann. Stytting veiðitíma. Enn frekari takmarkanir á notkun vélknúinna farartækja við veiðar. Hertar aðgerðir gegn fjölskotabyssum og hálfsjálfvirkum skotvopnum. Sérstök friðuð svæði. Sölubann. Kvóti á veiðarnar.

Friðun. Algjör friðun í nokkur ár er án efa raunhæfasta leiðin til árangurs. Það er sú leið sem fjöldamargir bændur hafa bent á, einkum þeir sem búa á svæðum þar sem rjúpum hefur mjög fækkað. Við búum í landi sem býður upp á fjölpættar og gjöfular auðlindir, rjúpan er ein þeirra. Sjálfsagt er að nýta hlunnindi landsins en þó þannig að þau rýrni ekki. Ýmsum aðferðum er beitt á öðrum sviðum. Land er friðað fyrir beit og ágangi ef það er illa farið. Veiði er takmörkuð í ám og vötnum. Fiskistofnarnir við strendur landsins njóta verndar eftir ákveðnum reglum. Tegundir í hættu eru alfriðaðar o.s.frv.

Rjúpan og nýting hennar eru verðmæt hlunnindi fyrir landeigendur, veiðimenn, ýmsar þjónustugreinar og almenning. Þegar ástand rjúpnastofnsins er orðið jafn slæmt og lýst hefur verið er það allra hagur og augljóst mál að grípa verði til aðgerða til þess að byggja hann upp á ný. Að halda að sér höndum er óskynsamlegt, þegar til eru leiðir til uppbyggingar með framtíðarnýtingu í huga.

Jafnframt er full ástæða til þess að huga að fleiri þáttum heldur en veiðum. Hvað á fjölgun refa og minks mikinn þátt í fækkun rjúpunnar? Það er verðugt verkefni, samhliða tímabundinni friðun rjúpunnar, að fækka ref, villimink og mávum. (Á síðari árum hefur silamávur haldið sig í flokkum inn til landsins í sumum landshlutum fram eftir öllu sumri og liggur í eggjum og ungum annarra fugla).

Veiðitími. Veruleg stytting árlegs veiðitíma er leið sem án efa mundi draga umtalsvert úr veiðum og þar með hlífa stofninum. Vel kemur til greina að miða árlegan veiðitíma við einn mánuð, t.d. nóvember. Samkvæmt veiðiskýrslum veiðist nærri helmingur þess sem nú er veitt á fyrstu sextán dögum veiðitímabilsins, þ. e. frá 15. – 30. október. Með styttingu veiðitímans mundi veiðiálagið eflaust aukast eitthvað á þeim tíma sem veiðar yrðu leyfðar, en augljóst ætti að vera að veiðar í nóvember ná aldrei að verða eins miklar og á jafn mörgum dögum í október. Náttúran sjálf kemur rjúpunni til hjálpar með skemmri birtutíma og meiri líkum á snjó. Hér er því vissulega um raunhæfa leið að ræða til þess að draga úr veiðum, leið sem hvorki mismunar landeigendum né veiðimönnum.

Veiðitækni. Hertar aðgerðir gegn fjölskotabyssum og hálfsjálfvirkum skotvopnum, ásamt enn frekari takmörkunum á notkun vélknúinna farartækja við veiðar, eru aðgerðir sem fyrst og fremst snúa að hertu eftirliti. Slíkt getur eflaust, ef vel tekst til, skilað einhverjum árangri en er engin varanleg lausn.

Friðuð svæði. Frá 1999 hefur verið í gildi algjört bann við rjúpnaveiði í nágrenni Reykjavíkur, sem í grófum dráttum nær yfir sunnanverðar Esjuhlíðar, Mosfellsheiði og Bláfjöll. Frá og með þessu hausti verður þetta friðaða svæði stækkað og afmarkast að austan af Sogi og Ölfusá. Á meðan friðaða svæðið miðaðist eingöngu við næsta nágrenni Reykjavíkur virðist sem menn hafi sætt sig að mestu við þessa ráðstöfun, enda er þetta svæði mikið útivistarsvæði fyrir íbúa á höfuðborgarsvæðinu öllu. Á meðan veiðar á svæðinu voru leyfðar var almenn útivist ekki hættulaus á rjúpnaveiðitímanum. Hins vega horfir þetta öðruvísi við þegar stækka á svæðið verulega. Höfundur hefur orðið var við umtalsverða gagnrýni á þá ráðstöfun. Með þessu er verið að auka veiðiálag á önnur svæði sem strax dregur úr gildi friðunarinnar. Í öðru lagi er innan þessa svæðis fjöldi lögbýla sem eiga sinn rétt til veiða á meðan veiðar eru leyfðar á annað borð. Þessir réttahafar hafa ekki verið spurðir álits né við þá haft samráð og íhuga einhverjir þeirra að krefjast ógildingar á þessari ráðstöfun vegna

Þess að þeim er bannað að nýta forn hlunnindi jarða sinna. Þessi leið mun trúlega fyrst og fremst leiða til ágreinings og togstreitu.

Líklegra til árangurs væri að taka undir og aðstoða þá landeigendur, sem þess hafa óskað, að veiðitíminn verði stytur eða rjúpan friðuð.

Sölubann. Algjört sölubann bæði í verslanir og manna á milli er leið sem dálítið hefur verið rædd og ýmsir telja vænlega. Slíkt bann kemur alls ekki til greina að mati undirritaðs, af eftirtöldum ástæðum. Með því er verið að banna landeigendum (og veiðimönnum) að bjóða til sölu hlunnindaafurð sem leyfilegt er að nýta á vissum árstíma; hlunnindi sem hafa verið nýtt og seld síðustu 150 ár eða lengur. Hlunnindi sem fylgja jörðum og auka verðgildi þeirra. Með þessari hugmynd er komið til móts við sjónarmið sportveiðimanna en möguleikar landeigenda skertir verulega til hefðbundinna hlunnindanytja. Verslun með rjúpu mun eiga sér stað eftir sem áður, en hún mun öll verða á sk. svörtum markaði því að rjúpa er eftirsótt. Hinir sk. "stórveiðimenn", sem bæði koma úr hópi bænda og sportveiðimanna, munu auðveldlega finna sér farveg þrátt fyrir sölubann. Það er rangt og óeðlilegt að lögin beini nýtingu þessara hlunninda í farveg verslunar sem kemur ekki fram og verður ekki skráður á jörðina sem eðlileg hlunnindi. Segja má að ef þessi leið er farin þá geti landeigendur náð sínum tekjum vegna rjúpnaveiða með því að leigja veiðilendur til sportveiðimanna, en hvað með þá sem vegna legu jarðanna eiga þess vart kost og vilja nýta hlunnindi sín sjálfir og hafa af þeim tekjur?

Kvóti. Því er fljótsvarað að einhvers konar kvóti á veiðimenn eða svæði er óframkvæmanleg leið, útilokað er að beita því eftirliti sem þarf til þess að þessi leið komi til greina.

Framtíðarnýting

Fram hefur komið að rjúpan er auðlind sem nýta á með skynsamlegum og skipulögðum hætti, einkum með það í huga að viðhalda stofninum, þeim tekjum og þeirri ánægju sem þessi sérstaka auðlind gefur. Hér verður sú hugmynd viðruð að um nýtingu rjúpunnar (og e.t.v. fleiri fuglategunda) verði það skipulag tekið upp sem gilt hefur lengi um lax- og silungsveiði. Í lögum um lax og silungsveiði segir í 44. gr.: "Skylt er mönnum að gera með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskhverfi, svo fljótt sem kostur er." Síðan eru í lögnum ítarleg ákvæði um það hvernig að málum skuli staðið, þar á meðal um hagnýtingu og friðun.

Vel má hugsa sér að landfræðilega afmarkað og allstórt svæði myndaði hverja einingu (fuglahverfi) sem allir réttshafar fuglaveiða stæðu að. Réttshafar veiða stofnuðu síðan félag um veiðar á rjúpu og gæs í "hverfinu" sem hefði svipuðu hlutverki að gegna og veiðifélög varðandi lax- og silungsveiðar. Settar yrðu reglur um friðun, veiðar, veiðiálag, veiðibúnað og veiðiaðferðir og uppbyggingu svæðisins til tiltekinna fuglaveiða. Svæðið má síðan leigja eða nýta eins og tíðkast með hin sk. fiskhverfi.

Skipulag þetta hefur reynst það vel varðandi lax- og silungsveiði að það hlýtur að koma til greina við tilteknar fuglaveiðar.

Hvergi er bannað í lögum að slíkt skipulag sé tekið upp og vísir að því er reyndar til. Eflaust er þó æskilegt að í framtíðinni verði í lögum og reglugerð sá rammi sem slík félög mundu starfa eftir.

Nú kunna einhverjir að spyrja hvort þarna sé ekki verið að gera fuglaveiðar að einhverju "sporti" örfárna. Svo er alls ekki og benda má á að nýting með skipulagðari hætti en verið hefur og nýting sem miðar að viðhaldi og uppbyggingu viðkomandi auðlindar hlýtur alltaf að vera heppilegri, ef litið er til framtíðar, heldur en óskipulögð og gegndarlaus veiði eins og tíðkast hefur.

Einstakir bændur og aðrir landeigendur hafa til þess fullan rétt að banna fuglaveiðar í landi sínu. Margir gera þetta vegna þess að þeir telja að veiðialagið sé orðið alltof mikið, eða að þeir vilja hafa stjórn á þeim veiðum sem stundaðar eru. Sum staðar hefur þetta ekki gengið vel því að erfitt reynist að koma við því eftirliti sem þarf. Ekki er alltaf samstaða um bann við veiðum á samliggjandi jörðum sem gerir eftirlit enn erfiðara. Þá hafa landeigendur á tilteknu og allstóru svæði látið á það reyna að óska eftir lögboðinni styttingu á rjúpnaveiðitímanum, en því hafa yfirvöld hafnað.

Því ber allt að sama brunni, staða mála kallar á bætt skipulag og stjórnun þessara mála. *Árni Snæbjörnsson, hlunnindaráðunautur BÍ*



Umhverfisnefnd Alþingis
Eva Margrét Ævarsdóttir ritari
Alþingi
150 Reykjavík

20. nóvember 2002
Snr. 101/01-1896/MH

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum

Vísað er til erindis umhverfisnefndar Alþingis, dags. 21. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn dýraverndarráðs um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum.

Meirihluti dýraverndarráðs mælir með því að þingsályktunartillagan verði samþykkt. Einn nefndarmaður, Arnór Þ. Sigfússon, er þó ósammála tillögunni. Umhverfisnefnd Alþingis leitaði sérstaklega eftir umsögn hans og hefur hún væntanlega borist nefndinni.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
ritari

Alþingi
Erindi nr. P 128/196
komudagur 20.11.2002

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 19. nóvember 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfissnefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum, 11. mál.

Stjórn Eyþings áréttar ályktun sína um þetta mál frá aðalfundi Eyþings 2001, sem fram kemur í fylgiskjali III með tillögunni. Stjórnin saknar þess að ekki skuli liggja fyrir niðurstöður um árangur friðunar á þeim svæðum þar sem henni hefur verið beitt. Stjórnin telur því að svo stöddu ekki þörf á að ganga lengra en sem nemur fyrri ályktun sinni um þessi mál og mælir með að veiðitímabilið hefjist 1. nóvember.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Alþingi
Mendi nr. P 128/09
komudagur 15.11.2002



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11. nóvember 2002.


**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndar
rjúpnastofninum (128 lp. 2002-2003, þskj 11 -11. mál).**


Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) hefur kynnt sér ofangreinda tillögu til
þingsályktunar og sendir hér athugasemdir sínar.

Ljóst er að örðugt er fyrir umhverfisráðherra að grípa til frekari aðgerða til verndar
rjúpnastofninum haustið 2002 þar sem veiði hefur þegar hafist.

FÍN fellst á þær hugmyndir sem fram koma í þingsályktunartillögunni að auka þurfi
rannsóknir á viðgangi rjúpnastofnsins og kanna hvort aukin friðun skilar sýnilegum
árangri. Mikilvægt er að rannsaka samspil rjúpu og fálka annars vegar og rjúpu og
refs hins vegar sem lífsafkoma fálkans er háð rjúpunni og því hefur verið haldið fram
að fækkun rjúpunnar kunni að einhverju leyti að vera tengd meintri fjölgun á ref.
Félagið treystir sér ekki á grunni fyrirliggjandi þekkingar að leggja mat á hvers konar
friðunaraðgerðir séu vænlegastar til að skila árangri; s.s. sölubann, lokun einstakra
svæða, stytting veiðitímabils eða veiðibann, en styður að skoðað verði strax hvort
grípa þurfi til einhverra slíkra aðgerða haustið 2003.

Fyrir hönd Félags íslenskra náttúrufræðinga


Þorsteinn Sigurðsson
varaformaður stjórnar FÍN


Sigurður Ásbjörnsson
Varaformaður umhverfisnefndar FÍN

Afrit: Félag íslenskra náttúrufræðinga.

Alþingi
Erindi nr. P 128/197
komudagur 20.11.2002

Umhverfisnefnd Alþingis
 Eva Margrét Ævarsdóttir
 nefndaritari
 Alþingi v/Austurvöll
 150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. nóvember 2002
 2002100020/016-1
 JGO/hj

Tillaga til þingsályktunar um vernd rjúpna (11. mál)

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar dags. 21. október s.l. þar sem óskað er eftir álit á tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum, 11. mál.


Náttúrufræðistofnun staðfestir að það er rökstutt álit stofnunarinnar að ástand rjúpnastofnsins sé bágborið um þessar mundir. Stofnunin er sammála því að grípa þurfi til aðgerða til verndar rjúpnastofninum sbr. fylgiskjali 1 með þessari tillögu til þingsályktunar.

Náttúrufræðistofnun telur að auka þurfi vöktun rjúpnastofnsins, rannsóknir á honum og eftirlit með árangri af fyrirhuguðum friðunaraðgerðum, sbr. bréf stofnunarinnar til umhverfisráðuneytisins dags. 1. nóvember s.l. Stofnunin telur að öll verslun með rjúpur eigi að vera óheimil og styður fyrirhugaðar aðgerðir umhverfisráðherra þar að lútandi.

Loks vill stofnunin vekja athygli umhverfisnefndar á því að umhverfisráðherra hefur nýlega sett reglugerð um veiðitíma rjúpna þar sem hann er stytur frá og með hausti 2003.

Óski umhverfisnefnd eftir frekari upplýsingum um ástand rjúpnastofnsins, rannsóknir á honum og vöktun hans eða um fyrirhugaðar verndaraðgerðir mun Náttúrufræðistofnun fúslega veita þær.

Virðingarfyllst,



Jón Gunnar Ottósson,
 forstjóri





NÁTTÚRUSTOFA REYKJANESS

12 November, 2002

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum 11. mál.

Það er orðið aðeins of áliðið til að hægt sé að stytta veiðitíma á rjúpu haustið 2002. En engu að síður er ég sammála tillögunni um að nauðsynlegt sé að gripa til einhverra aðgerða til verndar rjúpnastofninum. Ég er hinsvegar ekki sannfærður um að stytting veiðitíma sé rétta aðferðin. Til að útskýra það betur ætla ég að gefa mér þær forsendur að flestir veiðimenn hafi fyrirfram ákveðið magn fugla sem þeir þurfa að ná í fyrir hver jól, mest allt umfram það er selt eða gefið. Þessi forsenda tekin af eigin reynslu og annara rjúpnaveiðimanna og er mjög raunhæf að mínu mati, hinsvegar er nauðsynlegt að kanna þennan þátt betur. Fækkun veiðidaga þýðir að veiðimenn hópast inná fjöll þá daga sem leyft er að veiða til að ná allavega þessu fyrirfram ákveðna magni. Þetta leiðir til mun meiri ásóknar en nú er og búast má við að þegar menn koma að sínum venjulegu veiðistöðum og sjá jeppakraðakið sem að fyrir er, leiti menn á nýja staði með tilheyrandi utanvegarakstri og rökun á annars óhreyfðu landi.

Sölubann á rjúpu finnst mér vera mun vænlegri leið og ég bendi á að sú leið hefur verið farin annarstaðar með góðum árangri, t.d. í Bretlandi þar sem bannað er að selja gæs. Um 10-15% veiðimanna veiða 50 rjúpur eða meira og veiða þessir menn um helming af allri rjúpnaveiði landsmanna. Óhætt er að fullyrða að mestur hluti þessarar veiði verði seldur eða gefin og með sölubanni má því ætla að hægt sé að minnka rjúpnaveiði sem því nemur.

Auk sölubanns tel ég friðun svæða geti haft mjög góð áhrif á verndun rjúpunnar. Rannsóknir hafa sýnt að rjúpur hafi frekar lítil heimasvæði (Ólafur K. Nielsen. Heimasvæði rjúpna um vetur. Veiðidagbók 2002. Veiðistjóraembættið) þannig að búast má við að friðun svæða geti haft veruleg áhrif á afkomu rjúpunnar. Nú er allt suðvesturhorn landsins friðað og á því svæði eru nú stundaðar rannsóknir er sýna eiga áhrif veiða. Ef þær niðurstöður sýna að veiðar hafi áhrif þá ætti að friða annað slíkt svæði (hugsanlega þarf ekkert að bíða eftir niðurstöðum heldur friða strax), sambærilegt að stærð t.d. á Norðausturlandi eða á Vestfjörðum og hefði rjúpan þá griðland á tveimur stórum svæðum.

Ef farið verður úti styttingu veiðitíma þá bendi ég á þá viðteknu skoðun að eftir því sem lengra liður á vetur þá verði hver lifandi rjúpa verðmætari fyrir viðkomu stofnsins (þ.e. hún er líklegri til að lifa vetur af og verpa að vori). Þannig má segja að frekar ætti að taka aftan af veiðitíma. Þá hefur verið bent á að rjúpan sé auðfundnari og auðveldara skotmark á auðri jörð en í snjó og þess vegna eigi frekar að taka framanaf veiðitímanum. Þessu er ég ekki endilega sammála og er ekki viss um að menn veiði meira á auðri jörð (það má hinsvegar athuga aðeins betur). Hegðun rjúpunnar er öðruvísi á auðri jörð en í snjó, hún er mun stýggari og erfiðara að komast að henni, hún er dreifðari og heldur sig gjarnan meira í stórgryttisurð þar sem hún hefur a.m.k. smá möguleika á að fela sig frá afræningjum. Í snjó treystir hún mun meira á felubúningin og auðvelt er að komast í skotfæri við hana, hún heldur sig í stærri hópum og hópurnir flýgur sjaldnast langt þó ein úr hópnum hafi fallið, auk þess gera spor í snjó og krafs í gróður veiðimönnum oft auðveldara að finna fugl. Ég tek fram að þessar atferlisbreytingar eru eingöngu persónulegar athuganir en nánari skoðun á slíkum atferlisbreytingum væri verulega áhugavert rannsóknarverkefni. Það mætti jafnvel athuga hvort auð jörð löngu eftir að rjúpan skiptir um lit hafi áhrif á viðkomu stofnsins því það virðist sem snjóleysi geri það að verkum að hún haldi sig meira í urðum og á gryttum svæðum í stað þess að halda sig í móum og landi þar sem meira æti er að finna.

Virðingarfyllst

Sveinn Kári Valdimarsson



Alþingi
Erindi nr. P 128/21
komudagur 31.10.2002
NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS

SOUTH ICELAND INSTITUTE
OF NATURAL HISTORY

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Vestmannaeyjar, 29. október 2002.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndar
rjúpnastofninum, þingskjal 11 – 11. mál.**

Náttúrustofa Suðurlands er fylgjandi því að rannsóknir á viðgangi rjúpnastofnsins verði efldar strax og að m.a. verði kannað hvort aukin friðun á Suðvesturlandi skilar tilætluðum árangri. Jafnframt þarf að fylgjast með hvaða áhrif friðunin hefur á rjúpnastofninn á svæðum sem liggja rétt utan við friðaða svæðið þar sem reikna má með aukinni ásókn veiðimanna inn á þau.

Einnig styður Náttúrustofa Suðurlands að frá og með næsta hausti verði gripið til aðgerða til verndar rjúpnastofninum á landsvísu. Þar kemur helst til greina að setja á sölubann eða stytta veiðitímamann verulega. Álitamál er hvort hægt sé að setja á sölubann samfara styttingu veiðitímans þar sem þá verður ill- eða ómögulegt að meta áhrif hvorrar aðgerðar fyrir sig. Loks skal bent á að ekki verður hægt að leyfa innfluting á rjúpu, t.d. frá Grænlandi, ef sölubann er í gildi þar sem ómögulegt er að greina á milli útlenskra og íslenskra rjúpna.

Virðingarfyllst,

Ingvar A. Sigurdsson
forstöðumaður



Alþingi
Umhverfisnefnd Alþingis
v/Austurvöll
150 Reykjavík

19. nóvember 2002
004. TB

Efni: Þingsályktunartillaga um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum

Vísað er í bréf frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 21. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndar ríkisins um þingsályktunartillögu um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum, 11. mál.

Náttúruvernd ríkisins styður framkomna þingsályktunartillögu að því leyti að gripið verði til frekari aðgerða, en nú hefur verið gert, til að vernda rjúpnastofninn árið 2003. En verndarsvæði rjúpunnar á Suðvesturhorni landsins var stækkað í byrjun yfirstandandi veiðitímabils. Náttúruvernd ríkisins á sæti í Ráðgjafarnefnd um villt dýr. Nefndin sendi frá sér álit í september varðandi verndaraðgerðir og þar kemur m.a. fram að nefndin telur þrátt fyrir að nokkur vísindaleg óvissa sé um ástand og þróun rjúpnastofnsins að það eru góðar og gildar ástæður til að hafa áhyggjur af ástandi stofnsins. Nefndin telur jafnframt að það hafi legið fyrir undanfarin fjögur ár að grípa verði til aðgerða til að draga úr veiðialagi á stofninn a.m.k. á sumum svæðum. Byggist afstaða nefndarinnar fyrst og fremst á niðurstöðum rannsókna Náttúrufræðistofnunar (sjá einnig gögn sem fylgja framangreindri þingsályktunartillögu) sem verið hafa til umfjöllunar í nefndinni svo að segja á hverju ári síðan 1998. Nefndin telur í ljósi þessa að það þurfi ekki að koma neinum á óvart að lagt sé til að dregið verði úr rjúpnaveiðum með afgerandi hætti.

Eins og áður segir á Náttúruvernd ríkisins sæti í framangreindri nefnd og styður stofnunin niðurstöðu meirihluta nefndarinnar, sjá meðfylgjandi bréf. Náttúruvernd ríkisins vill þó ítreka að nauðsynlegt er að auka rannsóknir til að fylgjast með áhrifum af verndaraðgerðum þannig að í framtíðinni sé hægt að byggja verndaraðgerðir á bestu fánlegu rannsóknargögnum. Stofnunin telur að ekki sé nóg að auka eingöngu rannsóknir á vistfræði rjúpunnar, t.d. til að velja veiðitíma, heldur þurfi einnig að skoða áhrif veiðiaðferða svo sem í tengslum við hvernig tæki eru notuð við veiðarnar, byssur, bílar, snjósleðar o.s.frv. Einnig þarf að skoða hvernig eftirliti er best háttað með veiðunum. Nauðsynlegt er að samfara aukinni þekkingu á vistfræði rjúpunnar sé leitað leiða til að ná árangri í gegnum stjórnun veiðanna og svo sem með því að draga úr svokallaðri magnveiði. Skoða þarf hvort og hvernig breytt landnotkun hefur áhrif á rjúpnastofninn t.d. breytingar á beit, skógrækt, betra og auðveldara aðgengi

Náttúruvernd ríkisins

(vegagerð) að svæðum o.fl. Umhverfisstofnun mun taka til starfa í byrjun árs 2003 en þeirri stofnun er m.a. ætlað að annast starfsemi sem Náttúruvernd ríkisins er falið skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd og einnig að annast starfsemi sem Veiðistjóra og Náttúruvernd ríkisins er falið skv. lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Einnig munu lög um dýravernd falla undir starfsvið stofnunarinnar. Það er því ljóst að innan nýrrar stofnunar gefst tækifæri til að kanna betur ólík áhrif af veiðum og á veiðar s.s. m.t.t. dýrastofna, dýraverndar, umgengni (t.d. akstur utan vega), útivistar og verndarsvæða.

Virðingarfyllt,



Trausti Baldursson
sviðsstjóri

Meðf: Bréf Ráðgjafarnefndar um villt dýr dags. 13. september 2002.

Ráðgjafarnefnd um villt dýr

Umhverfisráðuneytið
Vonarstræti 4
150 Reykjavík

Reykjavík 13. september 2002

AÐGERÐIR VEGNA ÁSTANDS RJÚPNASTOFNSINS

Vísað er til erindis ráðuneytisins dags. 23. ágúst sl. þar sem óskað er álitis nefndarinnar á tillögum Náttúrufræðistofnunar um aðgerðir vegna ástands rjúpnastofnsins. Náttúrufræðistofnun leggur til, í ljósi bágrar stöðu rjúpnastofnsins, að dregið verði verulega úr veiðum; annars vegar með því að banna verslun með rjúpu og hins vegar með því að stytta veiðitímamann niður í einn mánuð og að veiðar verði einungis heimildir frá 1. -- 30. nóvember.

Nefndin ræddi þetta mál fullskipuð á tveimur fundum (2. og 9. september sl.) og tóku eftirtaldir þátt í afgreiðslu málsins: Arnór Þórir Sigfússon (AÞS), Áki Ármann Jónsson (ÁÁJ), Hafdis Sturlaugsdóttir (HS), Jóhann Óli Hilmarsson (JÓH), Kristinn Haukur Skarphéðinsson (KHS), Trausti Baldursson (TB) og Valgarður Hilmarsson (VH).

Á fyrri fundinum gerði Ólafur Karl Nielsen, fuglafræðingur, grein fyrir tillögum Náttúrufræðistofnunar. Nefndin fékk einnig til skoðunar bráðabirgða niðurstöður úr könnun sem gerð var meðal veiðimanna á vegum Veiðistjóraembættisins en þar koma fram nýjar upplýsingar um hegðun veiðimanna, sókn þeirra, sölu á villibráð og fleira. Jafnframt lét Veiðistjóraembættið í té upplýsingar úr veiðiskýrslum um rjúpnaveiði á undanförunum árum og skiptingu aflans milli einstakra hópa veiðimanna.

Nefndin var sammála um að reyna að draga úr veiði rjúpna en menn greindi á um hvaða aðgerðir væru heppilegastar og eins hvenær slíkar aðgerðir ættu að hefjast.

Staða rjúpnastofnsins

Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar er lýst þróun rjúpnastofnsins. Tiltölulega góð og samfelld gögn liggja fyrir um síðustu 20 ár og síðan mismunandi góðar upplýsingar langt aftur. Svo virðist sem rjúpnastofninn hafi að jafnaði verið mun minni á síðustu áratugum en á fyrri hluta síðustu aldar. Erfitt er að fullyrða hvort stofninn sé í sögulegu lágmarki; stofnsveiflur og þar með rjúpnamergð er mun minni í hámarksárum nú en fyrir nokkrum áratugum en lágmarksárin virðast ekki vera lægri.

Nefndin treystir sér ekki til að meta hvaða þættir hafi valdið því að rjúpnastofninn er í þeirri stöðu sem hann er í dag. Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja í rannsóknum Náttúrufræðistofnunar er það afkoma rjúpna á fyrsta vetri sem er ráðandi í stofnsveiflum. Vaxtarhraði stofnsins þau ár sem hann er í uppsveiflu er nú mun minni (um 25% á ári) en fyrir 40 árum (var þá um 60% á ári). Af þessum sökum vex stofninn ekki eins mikið á síðustu áratugum og hámark verður mun lægra en áður. Frjósemi (viðkoma) rjúpna er hins vegar mikil og hefur ekki breyst svo séð verði um áratugaskeið. Það er því afar ólíklegt að afrán á varptíma, t.d. af völdum unga- eða eggjaræningja, eigi þátt í slakri stöðu stofnsins í dag. Bent hefur verið á að mink hafi fjölgað mikið síðastliðin 40 ár en erfitt er að fullyrða hvaða þátt afrán af völdum minkæ kunnir að hafa haft á rjúpnastofninn.

Í nágrenni Reykjavíkur er mikið veiðiálag á rjúpum og þar eru sterkar vísbendingar, sem byggjast á rannsóknum Náttúrufræðistofnunarinnar Íslands, um veruleg staðbundin áhrif skotveiða á stofninn. Hliðstæðar rannsóknir hafa aðeins farið fram í Hrísey og leiddu þær í ljós mun lægra veiðiálag á rjúpu á því svæði.

Nefndin telur, að þrátt fyrir að nokkur visindaleg óvissa sé um ástand og þróun rjúpnastofnsins, þá séu góðar og gildar ástæður til að hafa áhyggjur af ástandi hans. Lagt hefur verið til undanfarin fjögur ár að grípa til aðgerða til að draga úr veiðiálagi á rjúpnastofninn, a.m.k. á sumum svæðum. Byggist það fyrst og fremst á niðurstöðum rannsókna Náttúrufræðistofnunar sem verið hafa til umfjöllunar í nefndinni svo að segja árlega frá 1998. Það þarf því ekki að koma neinum á óvart að lagt sé til nú um að dregið verði úr rjúpnaveiðum með afgerandi hætti.

Að mati minnihluta nefndarinnar (APS og ÁÁJ) er rjúpnastofninn ekki í sögulegu lágmarki, sé miðað við fyrirbyggjandi gögn, og alls ekki í útrýmingarhættu þótt topparnir séu lægri í dag en á fyrri hluta síðustu aldar. Vísbendingar eru um dýpri lægðir frá fyrri tíð og hugsanlegt að hámark á árunum 1970-80 hafi verið lægra en síðasta hámark. Minnihlutinn telur því hugsanlegt að ástand stofnsins í dag sé fullkomlega eðlilegt fyrirbæri og því sé engin ástæða að bregðast við í skyndingu. Meirihlutinn (HS, JÓH, KHS, TB og VH) telur að sterk rök séu fyrir því að rjúpnastofninn sé í yfirvofandi hættu, eins og fram kemur í greinargerð Náttúrufræðistofnunar, og að án aðgerða sé líklegt að stofninn veikist enn frekar á komandi árum.

Rjúpnaveiðar

Fjöldi manna sem veiðir rjúpur

Samkvæmt veiðiskýrslum veiddu að jafnaði um 5140 manns rjúpur ár hvert (1995-2000) og er lítil munur á rjúpnaveiði milli ára (bil: 5132-5405, sjá 1. töflu). Ekki er vitað hversu margir fara til rjúpna án þess að veiða nokkuð en talið er að það séu um 1000 manns skv. skoðanakönnun er gerð var á vegum Veiðistjóraembættisins síðastliðinn vetur (2002).

Heildarveiði

Heildarveiði á rjúpum er tiltölulega stöðug og var að jafnaði um 147 þúsund rjúpur á ári 1995 - 2000 (128.000 - 164.000). Líkur eru á að veiðin 2001 verði mun minni eða um 100 - 110.000 fuglar skv. mati Veiðistjóra en ekki hafa allir veiðimenn skilað skýrslum fyrir árið 2001 (sjá 1. töflu). Karravísitíður á árunum 1995-2001 benda til þess að rjúpnastofninn á árunum 1995-2001 hafi verið þrisvar til fjórum sinnum stærri í toppi en í lægð. Veiðialag á rjúpnastofninn er því hlutfallslega mikiu meira þegar stofninn er í lægð en þegar hann er í hámarki.

1. tafla. Rjúpnaveiði og rjúpnaveiðimenn 1995 –2001. Byggt á veiðiskýrslum.

Ár	Fjöldi veiðimanna sem veiddu rjúpur	Fjöldi veiddra rjúpa	Meðalveici þeirra sem veiddu smk. eina rjúpu
1995	5330	123.392	23 rjúpur**
1996	5335	158.029	30 rjúpur**
1997	5405	164.220	30 rjúpur**
1998	-	158.223	-
1999	-	149.301	-
2000	5132	128.154	25 rjúpur**
2001	4286*	93.751	22 rjúpur**

* Bráðabirgðatölur – eftir er að skila um 1.000 veiðiskýrslum.

** Miðgildi er mun lægra eða um eða innan við 5 rjúpur á hvorn veiðimann.

Magnveiði

Samkvæmt skýrslum er hlutfall þeirra sem veiða meira en 50 rjúpur (magnveiði) nokkuð breytilegt: 11-15% veiðimanna teljast til þessa hóps og virðist hlutfall þeirra vera hæst þegar mest er af rjúpu. Þessir svokölluðu magnveiðimenn veiða 48 - 59% af heildaraflanum. Þeir sem veiða meira en 100 rjúpur ár hvert eru 3 - 6% veiðimanna (byggt á upplýsingum úr veiðiskýrslum).

Þróun rjúpnaveiði

Að mati ráðgjafarnefndar um villt dýr er sennilegt að sóknargeta veiðimanna hafi breyst á undanförunum áratugum:

- Menn komst nú nánast hvert á land sem er til rjúpnaveiða.
- Skotvopnæign hefur vaxið á síðari árum en óvíst hvort veiðimönnum hafi fjölgað að sama skapi. Lítil breyting hefur orðið á fjölda þeirra sem stunda veiðar síðan 1995, skv. veiðiskýrslum.
- Sótt er í auknum mæli til veiða með utanvegakstri, á bílum, fjórhjólum, torfæruhjólum og vélsleðum.
- Hálfsvirkum fjölskotabyssum og pumpum hefur fjölgað gífurlega.
- Löggæsla hefur ekki verið í takt við aukna sókn.

Þetta kann að hafa leitt til þess að rjúpan er berskjaldaðri fyrir veiðum nú en fyrir nokkrum áratugum.

Er ástæða til aðgerða vegna stöðu rjúpnastofnsins?

Að mati meirihluta ráðgjafarnefndar um villt dýr (HS, JÓH, KHS, TB og VH) eru nægar vísbendingar um bága stöðu rjúpnastofnsins og telur meirihlutinn því nauðsynlegt að gripið verði til aðgerða til að rétta stöðu stofnsins. Einnig telur meirihluti nefndarinnar ástæðu til að hafa áhyggjur af stöðu fálkastofnsins en hann fylgir rjúpnastofninum eftir eins og skuggi. Minnihluti nefndarinnar (APS og ÁÁJ) telur að rjúpnastofninn sé ekki endilega í yfirvofandi hættu og því sé ekki ástæða til brýnna aðgerða. Minnihlutin telur þó að rjúpan eigi að njóta vafans og því eigi að reyna að draga úr veiðilálagi með sölubanni á veiddum fuglum.

Nefndin er sammála þeirri niðurstöðu Náttúrufræðistofnunar að til skemmri tíma sé stjórnun veiða besta stjórn tækið sem gæti komið að gagni til að styrkja stöðu rjúpnastofnsins. Minnihluti nefndarinnar (APS og ÁÁJ) telur að ekki liggja ljóst fyrir að minni veiði muni styrkja rjúpnastofninn og að frekari rannsókn sé þörf til að renna stoðum undir slíka fullyrðingu.

Aðgerðir

Nefndin er sammála um að stofna beri að því að draga verulega úr veiðum á rjúpu á næstu árum. Meirihlutinn (HS, JÓH, KHS, TB og VH) telur nauðsynlegt að reyna að taka eins stórt skref og kostur er, án þess þó að taka með öllu fyrir rjúpnaveiði. Skiptar skoðanir voru meðal nefndarmanna um til hvaða aðgerða ætti að grípa til verndar stofninum og er afstaða einstakra nefndarmanna flúðu í 2. tölflu.

Meirihluti nefndarinnar (APS, ÁÁJ, JÓH, KHS, TB og VH) tekur undir þá skoðun Náttúrufræðistofnunar, Skotveiðifélags Íslands o.fl. að rjúpnaveiðar eigi fyrst og fremst að vera tómstundagaman en telur jafnframt að allir veiðimenn verði tímabundið að taka á sig einhverjar byrðar ef reyna á að styrkja stöðu rjúpnastofnsins. Meirihlutinn (APS, ÁÁJ, JÓH, KHS, TB og VH) leggur til að sett verði **bann við verslun með rjúpur** og þá með sama hætti og nú gildir með æðaregg, þ.e. að bannað verði að selja rjúpur, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf. Til að slíkt bann beri tilætlaðan árangur þarf að fylgja því vel eftir og jafnframt þarf að hvetja fólka til að draga úr neyslu á rjúpum og minnka þarf eftirspurn samhliða banni við því að falbjóða forboðna vöru. Nefndin telur að það muni taka nokkurn tíma að festa sölubann í sessi og því sé ekki mikils árangurs að vænta af því fyrr en eftir nokkur ár. Fordæmi er fyrir því að banna verslun með afurðir villtra dýra hér á landi, sbr. bann við sölu æðareggja.

Einn nefndarmaður (APS) styður sölubann en leggur til að það taki ekki gildi fyrr en næsta ár (2003). Með því móti yrði tryggt að þeir sem sitja nú uppi með óseldar rjúpur frá í fyrra geti losað sig við þær. Aðrir nefndarmenn telja að miðað við mikla eftirspurn eftir rjúpum á síðasta ári geti vart verið um miklar birgðir að ræða. APS bendir einnig á að ákvörðun um jafnvíðtækar aðgerðir eigi að tilkynna með fyrirvara, slíkt sé dæmi um góða stjórnsýslu. APS telur að engar nýjar upplýsingar hafi komið fram nú í sumar og haust sem krefjast þess að brugðist sé við í skyndingu.

2. tafla. Afstaða nefndarmanna gagnvart aðgerðum til verndar rjúpnastofninum.

Nefndarmaður	Tímefndur af	Hlyntur alfriour	Hlyntur styttingu veiðitíma	Hlyntur sölubanni
Áki Ármann Jónsson	Embætti Veiðistjóra	Nei	Já (15.10. -1.12.) - taki gildi eftir 3 ár	Já
Arnór Þórir Sigfússon	Skotveiðifélagi Íslands	Nei	Nei	Já - sem taki gildi á næsta ári
Hafdis Sturlaugsdóttir	Bændasamtökum Íslands	Já	Já (1. -30.11.)	Nei
Jóhann Óli Hilmarsson	Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands	Já	Já (1. -30.11.)	Já
Kristinn Haukur Skarphéðinsson	Náttúrufræðistofnun Íslands	Nei	Já (1.-30.11)	Já
Trausti Baldursson	Náttúruvernd ríkisins	Nei	Já (1.11.-15. 12.)	Já
Valgarður Hilmarsson	Sambandi íslenskra sveitarfélaga	Nei	Já (1.-30.11)	Já
Samtals hlyntir		2 af 7	6 af 7	6 af 7

Það er mat Veiðistjóra (ÁAJ), sem byggt er á skoðanakönnun meðal veiðimanna síðastliðinn vetur (2002), að sölubann á rjúpum gæti í besta falli dregið úr veiði um 15-20%.

Minnihluti nefndarinnar (HS) er andvígur banni við sölu á rjúpum. HS telur ekki siðferðilega rétt að líta öðrum augum á sportveiði en markaðsveiði. Auk þess sé verið að hafa af mönnum hlunnindi sem nýtt hafa verið um árhundruð. HS álitur einnig að sölubann sé brot á 75. gr stjórnarskrárinnar (sem fjallar um atvinnufrelsi) að setja á sölubann á villibráð sem heimilt er að veiða. Loks telur minnihlutinn að svartamarkaðsbrask muni aukast með sölubanni og erfitt yrði að greina á milli árangurs aðgerða ef bæði yrði farið í sölubann og styttingu veiðitíma. Meirihluti nefndarinnar (APS, ÁAJ, JÓH, KHS, TB og VH) telur að veiðiréttareigendur geti í stað þess að veiða sjálfir leigt land sitt til rjúpaveiði og haft þar með stjórn á veiðum og drjúgar tekjur. Meirihlutinn treystir ráðuneyti og löggjafa til að setja reglur um sölu sem eru í samræmi við lög og stjórnarskrá.

Auk sölubanns leggur meirihluti nefndarinnar (HS, JÓH, KHS, TB og VH) til að **veiðitími á rjúpum verði stytur** til að tryggja að verulega dragi úr veiðum sem fyrst. Meirihlutinn telur að það muni taka nokkurn tíma fyrir sölubann að ná fullum árangri og jafnframt þurfi allir veiðimenn, ekki einungis magnveiðimenn, að taka á sig byrðar til styrktar stofninum. Með því að banna veiðar í

október telur meirihluti nefndarinnar að minni líkur séu á því að rjúpan verði berskjölduð fyrir veiðum á auðri jörð. Auk ofangreindra ástæðna fyrir styttingu veiðitíma telur TB að landið þoli betur umferð ökutækja á rjúpnaslóð eftir því sem lengra liður á haustið og meira fer að snjóá.

Nokkuð skiptar skoðanir voru meðal nefndarmanna um útfærslur á þessum aðgerðum. TB telur rétt að leyfa veiðar fram í desember, þ.e. að veiðitímirnir verði frá 1. nóvember til 15. desember. Með því móti dreifist sóknarpunginn betur, þ.e. á sex vikur í stað fjögurra. ÁÁJ leggur til að ef á annað borð verði farið í slíkar aðgerðir þá verði það ekki gert fyrr en í fyrsta lagi eftir 3 ár og þá verði einungis tekið aftan af núgildandi veiðitíma (frá og með 1. desember).

Meirihlutinn (HS, JÓH, KHS, TB og VH) telur að stytting veiðitímans muni leiða til minni rjúpaveiði svo fremi sem veiðimenn sætti sig við aðgerðir. Ef veiðimenn ætla sér að veiða jafnmargar rjúpur á styttri veiðitíma þýðir það að þeir verða að auka verulega sókn sína frá því sem nú er. Með því móti væru þeir að hansa tilraun stjórnvalda til að beita mildum aðgerðum til verndar rjúpunni. Slíkt gæti leitt til þess að gripið yrði til harkalegri aðgerða svo sem til tímabundinnar alfriðunar.

Meirihlutinn telur að sterkar vísbendingar hafa fengist úr rannsóknum í nágrenni Reykjavíkur um að skotveiði bætist við náttúruleg afföll rjúpna og því þurfi hugsanlega ekki að draga mikið úr veiði til að þess sjáist merki, sérstaklega þegar haft er í huga hversu lítil munur er á lífslíkum rjúpna þegar stofninn er í vexti og þegar rjúpum fækkar. Meirihlutinn telur að til greina komi að ákvæði um styttingu veiðitímans taki ekki gildi fyrr en að ári, líkt og Náttúrufræðistofnun hefur bent á í greinargerð sinni. Með því móti væri tryggt að þeir sem gert hefðu bindandi ráðstafanir í samræmi við núgildandi reglur yrðu ekki fyrir óþægindum.

Minnihluti nefndarinnar (APS og ÁÁJ) er móttfallinn því að stytta veiðitímann og telur það rökvillu að taka framan af honum þar sem afföll rjúpna séu mikið fyrst á haustin. Rannsóknir Náttúrufræðistofnunar hafa sýnt að afföll í Úlfarsfelli geta verið allt að 15% frá 15. október til 1. nóvember og enn meiri í fækkunarárum í Hrísey (27%). Af því leiðir að með því að taka framan af veiðitímanum er verið að veiða úr mun minni stofni en ella. Ef veiðimenn ná að bæta sér upp styttingu á veiðitíma að miklu eða öllu leiti með því að auka veiði þann tíma sem þær eru leyfðar gætu afleiðingarnar verið hlutfallslega meiri veiði úr stofninum en ella. Í þessu ljósi er athyglisvert að sjá að þó stofninn sé 2 - 3 sinnum stærri í hámarksári en í lágmarksári, sé miðað við síðustu sveiflu þar sem veiðitölur eru jafnframt þekktar, dregur e.t.v. úr veiði um 40%. Stytting á veiðitíma gæti því leitt til verra ástands stofnsins.

Minnihlutinn (APS og ÁÁJ) telur ósannað að skotveiðar bætist við náttúruleg afföll og það að draga úr veiðum myndi leiða til meiri vaxtarhraða stofns og þar með stærri toppa í hámarksárum. Minnihlutinn telur að vel sé hugsanlegt að eitthvað annað en veiði stjórni vaxtarhraða rjúpnastofnsins og því óvíst að það að takmarka veiðar hafi mikil áhrif. Minnihlutinn telur að bann við sölu á rjúpum eigi að taka gildi á næsta ári og þeirri aðgerð verða að fylgja eftir með rannsóknum til að meta megi áhrif bannsins. Árangur þess til að draga úr veiði

ætti að sjást fljótt í veiðitölum Veiðistjóra og jafnframt megi endurtaka mælingar SKOTVÍS á neyslu á rjúpum sem gerðar voru í nokkur ár frá 1993.

Tveir nefndarmenn (HS og JÓH) vilja alfriða rjúpuna en styðja þó aðrar aðgerðir til verndar stofninum eins og fram hefur komið. JÓH telur í ljósi þeirra upplýsinga sem koma í greinargerð Náttúrufræðistofnunar þá sé rjúpan í mikilli lægð og að veiðar hafi sít að segja til að halda stofninum niðri. Að mati JÓH á rjúpan að njóta vafans og beri nefndinni að hafa hagsmuni hennar í fyrsta sæti en veiðimanna og neytenda í öðru. JÓH leggur því til alfriðun í fimm ár, en slóan tæki við sölubann, eins og ætti reyndar að gilda um alla villibráð. JÓH styður þó allar aðgerðir til verndar stofninum, verði tillögu hans hafnað.

Mælikvarði á árangur aðgerða

Helsti mælikvarði á árangur aðgerða að mati nefndarinnar er að verulega dragi úr veiðum á næstu árum. Nefndin treystir því að skotveiðimenn muni nú sem áður skila trúverðugum veiðiskýrslum. Með því að rýna í veiðiskýrslur ætti að mati meirihluta nefndarinnar (HS, JÓH, KHS, TB og VH) að vera hægt að greina sundur áhrif sölubanns (mun minni magnveiði) og styttingu veiðitímans (draga ætti úr veiði annarra veiðimanna).

Engin trygging er fyrir því að þær aðgerðir sem lagðar hafa verið til muni bera tilætlaðan árangur, þ.e. að rjúpnastofninn muni vaxa verulega umfram það sem hann hefur gert á undanförunum áratugum. Slíkt ætti þó að koma tiltölulega fljótt í ljós, þ.e. innan nokkurra ára. Erfitt er að segja til um hversu mikið á að draga úr veiðum en nefndin telur að stefna eigi að minnka þær um allt að helming, þannig að heildarveiðin verði 50-70 þúsund rjúpur á ári. Ef veiðar takmarka vöxt stofnsins þá á vaxtarhraði hans að aukast verulega í kjölfar þess að dregið verði úr veiðum og hámark í rjúpnastofninum, sem er að vænta á næstu 5-7 árum, gæti orðið mun hærra en verið hefur um langa hríð.¹ Því telur nefndin nauðsynlegt að allar aðgerðir til að draga úr veiði, hverjar svo sem þær kunna að verða, standi í a.m.k. 5 ár.

AS bendir á að þó stofn vaxi hraðar í kjölfar þess að dregið verði úr veiði verður því ekki svarað hvort það er vegna minna veiðiálags nema með rannsóknum. Vaxtarhraði gæti breyst óháð veiðiálagi ef það er eitthvað annað en veiði sem takmarkar vöxtinn.

Rannsóknir

Nefndin telur brýnt að stunda rannsóknir og vöktun á rjúpnastofninum á næstu árum, bæði til að fylgjast náið með afkomu hans og eins til að unnt sé að meta árangur aðgerða. Nefndin telur því nauðsynlegt að samhliða ákvörðun um aðgerðir láti ráðuneytið vinna rannsóknaráætlun er miðist við að meta áhrif aðgerða og ástand stofnsins á hverjum tíma. Nauðsynlegt er að meta betur áhrif veiða á stofninn, t.d. með samanburðarrannsóknum á veiddu og friðuðu

¹ Miðað við sögu stofnsins undanfarna áratugi er líklegt að hann sé nú annað hvort í lágmarki eða mjög nálægt því og fari að vaxa aftur á næstu 1-2 árum.

svæði og fá úr því skorið hvort og þá að hve miklu leyti veiðar séu til viðbótar náttúrulegum afföllum. Tryggja þarf nauðsynlegt fé til þessara rannsókna og fylgja friðunaraðgerðum eftir þannig að ljóst megi vera á hverjum tíma hver árangur friðunar kann að vera fyrir viðgang stofnsins.

Einnig má mæla áhrif sölubanns með öðrum hætti, sbr. neyslukannanir sem Skovis stóð fyrir á sinum tíma og eins vinna frekar úr þeim gögnum sem safnast hafa, þar á meðal úr rjúpnamerkingum í Hrísey.

Niðurstaða

Meirihluti ráðgjafarnefndar um villt dýr mælir með því að tillögur Náttúrufræðistofnunar verði samþykktar, en einstakir nefndarmenn gera fyrirvara um tímasetningu aðgerða og umfang eins og fram hefur komið. Meirihlutinn telur einnig mikilvægt að teknar verði ákvarðanir sem fyrst um aðgerðir og þær verði festar í sessi nú á haustdögum með nauðsynlegum breytingum á reglugerðum eða lögum eftir því sem við á.

1. Meirihlutinn (APS, ÁÁJ, JÓH, KHS, TB og VH) leggur til að sett verði á ótímabundið bann við sölu á rjúpum. Slíkt bann yrði að orða á hliðstæðan hátt og gert er í lögum nr. 64/1994 varðandi æðaregg, þ.e. leggja bann við að kaupa rjúpur, selja, gefa eða þiggja að glöf. Fjórir þeirra (JÓH, KHS, TB og VH) leggja til að bannið taki gildi fyrir veiðitíma haustið 2002 en tveir (APS og ÁÁJ) leggja til að bannið taki ekki gildi fyrr en haustið 2003. Minnihlutinn (HS) er andvígur sölubanni.
2. Meirihlutinn (HS, JÓH, KHS, TB og VH) leggur til að veiðitími á rjúpu verði styttr næstu 5 árin og bundinn við nóvember. Einstakir nefndarmenn gera fyrirvara um tímasetningu aðgerða og umfang eins og fram hefur komið. Minnihlutinn (AS og ÁÁJ) leggst gegn styttingu veiðitímans.
3. Minnihlutinn (HS og JÓH) leggur til að rjúpan verði alfriðuð um nokkurra ára skeið en stýður jafnframt sýttingu veiðitíma (HS, JÓH) og sölubann (JÓH).

Virðingarfyllst,

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, form.

Alþingi
Erindi nr. P 128/655
komudagur 13.12.2002

Ráðgjafarnefnd um villt dýr

Umhverfisnefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 11. desember 2002

Umsögn um frumvarp vegna aðgerða til verndunar rjúpu.

Nefndin fjallaði um frumvarp þetta á fundi sínum 9. desember sl. og vísar í fyrra álit varðandi aðgerðir til verndar rjúpum, sbr. bréf til umhverfisráðuneytis dags 13. september sl. (Fylgiskjal 1). Þar kom meðal annars fram að sex af sjö nefndarmönnum voru hlyntir sölubanni og jafnframt að taka verði fyrir "gjafir" sbr. ákvæði í villidýralögum um æðaregg. Undanþága er varðar innflutning á rjúpum mun að mati nefndarinnar veikja sölubannið, eins verður erfitt að framfylgja því ef innflutningur á rjúpum verður leyfður í stóum stíl. Fulltrúi Bændasamtakanna í nefndinni ítrekar andstöðu sinna samtaka við sölubann.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins (sjá þó fyrirvara fulltrúa Bændasamtakann hér að framan) með eftirtöldum breytingum:

1. Að ekki verði heimilt að flytja inn rjúpur.
2. Að jafnframt verði bannað að gefa rjúpur og þiggja þær að gjöf.

Virðingarfyllst


Inga Dagmar Karlsdóttir, starfsmaður

Fylgiskjal 1. (Aðgerðir vegna ástands rjúpnastofnsins).

svæði og fá úr því skorið hvort og þá að hve miklu leyti veiðar séu til viðbótar náttúrulegum afföllum. Tryggja þarf nauðsynlegt fé til þessara rannsókna og fylgja friðunaraðgerðum eftir þannig að ljóst megi vera á hverjum tíma hver árangur friðunar kann að vera fyrir viðgang stofnsins.

Einnig má mæla áhrif sölubanns með öðrum hætti, sbr. neyslukannanir sem Skovís stóð fyrir á sínum tíma og eins vinna frekar úr þeim gögnum sem safnast hafa, þar á meðal úr rjúpnamerkingum í Hrísey.

Niðurstaða

Meirihluti ráðgjafarnefndar um villt dýr mælir með því að tillögur Náttúrufræðistofnunar verði samþykktar, en einstakir nefndarmenn gera fyrirvara um tímasetningu aðgerða og umfang eins og fram hefur komið. Meirihlutinn telur einnig mikilvægt að teknar verði ákvarðanir sem fyrst um aðgerðir og þær verði festar í sessi nú á haustdögum með nauðsynlegum breytingum á reglugerðum eða lögum eftir því sem við á.

1. Meirihlutinn (AÞS, ÁÁJ, JÓH, KHS, TB og VH) leggur til að sett verði á ótímabundið bann við sölu á rjúpum. Slíkt bann yrði að orða á hliðstæðan hátt og gert er í lögum nr. 64/1994 varðandi æðaregg, þ.e. leggja bann við að kaupa rjúpur, selja, gefa eða þiggja að gjöf. Fjórir þeirra (JÓH, KHS, TB og VH) leggja til að bannið taki gildi fyrir veiðitíma haustið 2002 en tveir (AÞS og ÁÁJ) leggja til að bannið taki ekki gildi fyrr en haustið 2003. Minnihlutinn (HS) er andvígur sölubanni.
2. Meirihlutinn (HS, JÓH, KHS, TB og VH) leggur til að veiðitími á rjúpu verði stytur næstu 5 árin og bundinn við nóvember. Einstakir nefndarmenn gera fyrirvara um tímasetningu aðgerða og umfang eins og fram hefur komið. Minnihlutinn (AS og ÁÁJ) leggst gegn styttingu veiðitímans.
3. Minnihlutinn (HS og JÓH) leggur til að rjúpan verði alfriðuð um nokkurra ára skeið en styður jafnframt styttingu veiðitíma (HS, JÓH) og sölubann (JÓH).

Virðingarfyllst,



Kristinn Haukur Skarphéðinsson, form.

Ráðgjafarnefnd um villt dýr

Umhverfissráðuneytið
Vonarstræti 4
150 Reykjavík

Reykjavík 13. september 2002

AÐGERÐIR VEGNA ÁSTANDS RJÚPNASTOFNSINS

Vísað er til erindis ráðuneytisins dags. 23. ágúst sl. þar sem óskað er álitis nefndarinnar á tillögum Náttúrufræðistofnunar um aðgerðir vegna ástands rjúpnastofnsins. Náttúrufræðistofnun leggur til, í ljósi bágrar stöðu rjúpnastofnsins, að dregið verði verulega úr veiðum; annars vegar með því að banna verslun með rjúpu og hins vegar með því að stytta veiðitímamann niður í einn mánuð og að veiðar verði einungis heimilar frá 1. – 30. nóvember.

Nefndin ræddi þetta mál fullskipuð á tveimur fundum (2. og 9. september sl.) og tóku eftirtaldir þátt í afgreiðslu málsins: Arnór Þórir Sigfússon (AÞS), Áki Ármann Jónsson (ÁÁJ), Hafdís Sturlaugsdóttir (HS), Jóhann Óli Hilmarsson (JÓH), Kristinn Haukur Skarphéðinsson (KHS), Trausti Baldursson (TB) og Valgarður Hilmarsson (VH).

Á fyrri fundinum gerði Ólafur Karl Nielsen, fuglafræðingur, grein fyrir tillögum Náttúrufræðistofnunar. Nefndin fékk einnig til skoðunar bráðabirgða niðurstöður úr könnun sem gerð var meðal veiðimanna á vegum Veiðistjóraembættisins en þar koma fram nýjar upplýsingar um hegðun veiðimanna, sókn þeirra, sölu á villibráð og fleira. Jafnframt lét Veiðistjóraembættið í té upplýsingar úr veiðiskýrslum um rjúpnaveiði á undanförunum árum og skiptingu aflans milli einstakra hópa veiðimanna.

Nefndin var sammála um að reyna að draga úr veiði rjúpna en menn greindi á um hvaða aðgerðir væru heppilegastar og eins hvenær slíkar aðgerðir ættu að hefjast.

Staða rjúpnastofnsins

Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar er lýst þróun rjúpnastofnsins. Tiltölulega góð og samfelld gögn liggja fyrir um síðustu 20 ár og síðan mismunandi góðar upplýsingar langt aftur. Svo virðist sem rjúpnastofninn hafi að jafnaði verið mun minni á síðustu áratugum en á fyrri hluta síðustu aldar. Erfitt er að fullyrða hvort stofninn sé í sögulegu lágmarki; stofnsveiflur og þar með rjúpnamergð er mun minni í hámarksárum nú en fyrir nokkrum áratugum en lágmarksárin virðast ekki vera lægri.

október telur meirihluti nefndarinnar að minni líkur séu á því að rjúpan verði berskjölduð fyrir veiðum á auðri jörð. Auk ofangreindra ástæðna fyrir styttingu veiðitíma telur TB að landið þoli betur umferð ökutækja á rjúpnaslóð eftir því sem lengra líður á haustið og meira fer að snjóa.

Nokkuð skiptar skoðanir voru meðal nefndarmanna um útfærslur á þessum aðgerðum. TB telur rétt að leyfa veiðar fram í desember, þ.e. að veiðitíminn verði frá 1. nóvember til 15. desember. Með því móti dreifist sóknarpunginn betur, þ.e. á sex vikur í stað fjögurra. ÁÁJ leggur til að ef á annað borð verði farið í slíkar aðgerðir þá verði það ekki gert fyrr en í fyrsta lagi eftir 3 ár og þá verði einungis tekið aftan af núgildandi veiðitíma (frá og með 1. desember).

Meirihlutinn (HS, JÓH, KHS, TB og VH) telur að stytting veiðtímans muni leiða til minni rjúpnaveiði svo fremi sem veiðimenn sætti sig við aðgerðir. Ef veiðimenn ætla sér að veiða jafnmargar rjúpur á styttri veiðitíma þýðir það að þeir verða að auka verulega sókn sína frá því sem nú er. Með því móti væru þeir að hunsa tilraun stjórnvalda til að beita mildum aðgerðum til verndar rjúpunni. Slíkt gæti leitt til þess að gripið yrði til harkalegri aðgerða svo sem til tímabundinnar alfriðunar.

Meirihlutinn telur að sterkar vísbendingar hafa fengist úr rannsóknum í nágrenni Reykjavíkur um að skotveiði bætist við náttúruleg afföll rjúpna og því þurfi hugsanlega ekki að draga mikið úr veiði til að þess sjáist merki, sérstaklega þegar haft er í huga hversu lítil munur er á lífslíkum rjúpna þegar stofninn er í vexti og þegar rjúpum fækkar. Meirihlutinn telur að til greina komi að ákvæði um styttingu veiðitímans taki ekki gildi fyrr en að ári, líkt og Náttúrufræðistofnun hefur bent á í greinargerð sinni. Með því móti væri tryggt að þeir sem gert hefðu bindandi ráðstafanir í samræmi við núgildandi reglur yrðu ekki fyrir óþægindum.

Minnihluti nefndarinnar (AÞS og ÁÁJ) er mótfallinn því að stytta veiðitímann og telur það rökvillu að taka framan af honum þar sem afföll rjúpna séu mikil fyrst á haustin. Rannsóknir Náttúrufræðistofnunar hafa sýnt að afföll í Ulfarsfelli geta verið allt að 15% frá 15. október til 1. nóvember og enn meiri í fækkunarárum í Hrísey (27%). Af því leiðir að með því að taka framan af veiðitímanum er verið að veiða úr mun minni stofni en ella. Ef veiðimenn ná að bæta sér upp styttingu á veiðitíma að miklu eða öllu leiti með því að auka veiði þann tíma sem þær eru leyfðar gætu afleiðingarnar verið hlutfallslega meiri veiði úr stofninum en ella. Í þessu ljósi er athyglisvert að sjá að þó stofninn sé 2 - 3 sinnum stærri í hámarksári en í lágmarksári, sé miðað við síðustu sveiflu þar sem veiðitölur eru jafnframt þekktar, dregur e.t.v. úr veiði um 40%. Stytting á veiðitíma gæti því leitt til verra ástands stofnsins.

Minnihlutinn (AÞS og ÁÁJ) telur ósannað að skotveiðar bætist við náttúruleg afföll og það að draga úr veiðum myndi leiða til meiri vaxtarhraða stofns og þar með stærri toppa í hámarksárum. Minnihlutinn telur að vel sé hugsanlegt að eitthvað annað en veiði stjórni vaxtarhraða rjúpnastofnsins og því óvíst að það að takmarka veiðar hafi mikil áhrif. Minnihlutinn telur að bann við sölu á rjúpum eigi að taka gildi á næsta ári og þeirri aðgerð verða að fylgja eftir með rannsóknum til að meta megí áhrif bannsins. Árangur þess til að draga úr veiði

Heildarveiði

Heildarveiði á rjúpum er tiltölulega stöðug og var að jafnaði um 147 þúsund rjúpur á ári 1995 - 2000 (128.000 - 164.000). Líkur eru á að veiðin 2001 verði mun minni eða um 100 – 110.000 fuglar skv. mati Veiðistjóra en ekki hafa allir veiðimenn skilað skýrslum fyrir árið 2001 (sjá 1. töflu). Karravísitölur á árunum 1995-2001 benda til þess að rjúpnastofninn á árunum 1995-2001 hafi verið þrisvar til fjórum sinnum stærri í toppi en í lægð. Veiðiálag á rjúpnastofninn er því hlutfallslega miklu meira þegar stofninn er í lægð en þegar hann er í hámarki.

1. tafla. Rjúpnaveiði og rjúpnaveiðimenn 1995 –2001. Byggt á veiðiskýrslum.

Ár	Fjöldi veiðimanna sem veiddu rjúpur	Fjöldi veiddra rjúpna	Meðalveiði þeirra sem veiddu amk. eina rjúpu
1995	5330	123.392	23 rjúpur**
1996	5335	158.029	30 rjúpur**
1997	5405	164.220	30 rjúpur**
1998	-	158.223	-
1999	-	149.301	-
2000	5132	128.154	25 rjúpur**
2001	4286*	93.751	22 rjúpur**

* Bráðabirgðatölur – eftir er að skila um 1.000 veiðiskýrslum.

** Miðgildi er mun lægra eða um eða innan við 5 rjúpur á hvern veiðimann.

Magnveiði

Samkvæmt skýrslum er hlutfall þeirra sem veiða meira en 50 rjúpur (magnveiði) nokkuð breytilegt: 11-15% veiðimanna teljast til þessa hóps og virðist hlutfall þeirra vera hæst þegar mest er af rjúpu. Þessir svokölluðu magnveiðimenn veiða 48 - 59% af heildaraflanum. Þeir sem veiða meira en 100 rjúpur ár hvert eru 3 - 6% veiðimanna (byggt á upplýsingum úr veiðiskýrslum).

Þróun rjúpnaveiði

Að mati ráðgjafarnefndar um villt dýr er sennilegt að sóknargeta veiðimanna hafi breyst á undanförunum áratugum:

- Mennt komst nú nánast hvert á land sem er til rjúpnaveiða.
- Skotvopnaeign hefur vaxið á síðari árum en óvíst hvort veiðimönnum hafi fjölgað að sama skapi. Lítil breyting hefur orðið á fjölda þeirra sem stunda veiðar síðan 1995, skv. veiðiskýrslum.
- Sótt er í auknum mæli til veiða með utanvegakstri, á bílum, fjórhjólum, torfæruhjólum og vélsleðum.
- Hálfsvirkum fjölskotabyssum og pumpum hefur fjölgað gífurlega.
- Löggæsla hefur ekki verið í takt við aukna sókn.

Þetta kann að hafa leitt til þess að rjúpan er berskjaldaðri fyrir veiðum nú en fyrir nokkrum áratugum.

Er ástæða til aðgerða vegna stöðu rjúpnastofnsins?

Að mati meirihluta ráðgjafarnefndar um villt dýr (HS, JÓH, KHS, TB og VH) eru nægar vísbendingar um bága stöðu rjúpnastofnsins og telur meirihlutinn því nauðsynlegt að gripið verði til aðgerða til að rétta stöðu stofnsins. Einnig telur meirihluti nefndarinnar ástæðu til að hafa áhyggjur af stöðu fálkastofnsins en hann fylgir rjúpnastofninum eftir eins og skuggi. Minnihluti nefndarinnar (APS og ÁÁJ) telur að rjúpnastofninn sé ekki endilega í yfirvofandi hættu og því sé ekki ástæða til brýnna aðgerða. Minnihlutin telur þó að rjúpan eigi að njóta vafans og því eigi að reyna að draga úr veiðialagi með sölubanni á veiddum fuglum.

Nefndin er sammála þeirri niðurstöðu Náttúrufræðistofnunar að til skemmri tíma sé stjórnun veiða besta stjórn tækið sem gæti komið að gagni til að styrkja stöðu rjúpnastofnsins. Minnihluti nefndarinnar (APS og ÁÁJ) telur að ekki liggi ljóst fyrir að minni veiði muni styrkja rjúpnastofninn og að frekari rannsókn sé þörf til að renna stoðum undir slíka fullyrðingu.

Aðgerðir

Nefndin er sammála um að stefna beri að því að draga verulega úr veiðum á rjúpu á næstu árum. Meirihlutinn (HS, JÓH, KHS, TB og VH) telur nauðsynlegt að reyna að taka eins stórt skref og kostur er, án þess þó að taka með öllu fyrir rjúpnaveiði. Skiptar skoðanir voru meðal nefndarmanna um til hvaða aðgerða ætti að grípa til verndar stofninum og er afstaða einstakra nefndarmanna tíunduð í 2. töflu.

Meirihluti nefndarinnar (APS, ÁÁJ, JÓH, KHS, TB og VH) tekur undir þá skoðun Náttúrufræðistofnunar, Skotveiðifélags Íslands o.fl. að rjúpnaveiðar eigi fyrst og fremst að vera tómstundagaman en telur jafnframt að allir veiðimenn verði tímabundið að taka á sig einhverjar byrðar ef reyna á að styrkja stöðu rjúpnastofnsins. Meirihlutinn (APS, ÁÁJ, JÓH, KHS, TB og VH) leggur til að sett verði **bann við verslun með rjúpur** og þá með sama hætti og nú gildir með æðaregg, þ.e. að bannað verði að selja rjúpur, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf. Til að slíkt bann beri tilætlaðan árangur þarf að fylgja því vel eftir og jafnframt þarf að hvetja fólka til að draga úr neyslu á rjúpum og minnka þarf eftirspurn samhliða banni við því að falbjóða forboðna vöru. Nefndin telur að það muni taka nokkurn tíma að festa sölubann í sessi og því sé ekki mikils árangurs að vænta af því fyrir en eftir nokkur ár. Fordæmi er fyrir því að banna verslun með afurðir villtra dýra hér á landi, sbr. bann við sölu æðareggja.

Einn nefndarmaður (APS) styður sölubann en leggur til að það taki ekki gildi fyrir en næsta ár (2003). Með því móti yrði tryggt að þeir sem sitja nú uppi með óseldar rjúpur frá í fyrra geti losað sig við þær. Aðrir nefndarmenn telja að miðað við mikla eftirspurn eftir rjúpum á síðasta ári geti vart verið um miklar birgðir að ræða. APS bendir einnig á að ákvörðun um jafnvíðtækar aðgerðir eigi að tilkynna með fyrirvara, slíkt sé dæmi um góða stjórnsýslu. APS telur að engar nýjar upplýsingar hafi komið fram nú í sumar og haust sem krefjast þess að brugðist sé við í skyndingu.

2. tafla. Afstaða nefndarmanna gagnvart aðgerðum til verndar rjúpnastofninum.

Nefndarmaður	Tilnefndur af	Hlynntur alfriðun	Hlynntur styttingu veiðitíma	Hlynntur sölubanni
Áki Ármann Jónsson	Embætti Veiðistjóra	Nei	já (15.10. -1.12.) - taki gildi eftir 3 ár	Já
Arnór Þórir Sigfússon	Skotveiðifélagi Íslands	Nei	Nei	Já - sem taki gildi á næsta ári
Hafdís Sturlaugsdóttir	Bændasamtökum Íslands	Já	já (1. -30.11.)	Nei
Jóhann Óli Hilmarsson	Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands	Já	já (1. -30.11.)	Já
Kristinn Haukur Skarphéðinsson	Náttúrufræðistofnun Íslands	Nei	já (1.-30.11)	Já
Trausti Baldursson	Náttúruvernd ríkisins	Nei	já (1.11.-15. 12.)	Já
Valgarður Hilmarsson	Sambandi íslenskra sveitarfélaga	Nei	já (1.-30.11)	Já
Samtals hlynntir		2 af 7	6 af 7	6 af 7

Það er mat Veiðistjóra (ÁAJ), sem byggt er á skoðanakönnun meðal veiðimanna síðastliðinn vetur (2002), að sölubann á rjúpum gæti í besta falli dregið úr veiði um 15-20%.

Minnihluti nefndarinnar (HS) er andvígur banni við sölu á rjúpum. HS telur ekki siðferðilega rétt að líta öðrum augum á sportveiði en markaðsveiði. Auk þess sé verið að hafa af mönnum hlunnindi sem nýtt hafa verið um árhundruð. HS álfítur einnig að sölubann sé brot á 75. gr stjórnarskrárinnar (sem fjallar um atvinnufrelsi) að setja á sölubann á villibráð sem heimilt er að veiða. Loks telur minnihlutinn að svartamarkaðsbrask muni aukast með sölubanni og erfitt yrði að greina á milli árangurs aðgerða ef bæði yrði farið í sölubann og styttingu veiðitíma. Meirihluti nefndarinnar (APS, ÁÁJ, JÓH, KHS, TB og VH) telur að veiðiréttareigendur geti í stað þess að veiða sjálfir leigt land sitt til rjúpnaveiði og haft þar með stjórn á veiðum og drjúgar tekjur. Meirihlutinn treystir ráðuneyti og löggjafa til að setja reglur um sölu sem eru í samræmi við lög og stjórnarskrá.

Auk sölubanns leggur meirihluti nefndarinnar (HS, JÓH, KHS, TB og VH) til að **veiðitími á rjúpum verði stytur** til að tryggja að verulega dragi úr veiðum sem fyrst. Meirihlutinn telur að það muni taka nokkurn tíma fyrir sölubann að ná fullum árangri og jafnframt þurfi allir veiðimenn, ekki einungis magnveiðimenn, að taka á sig byrðar til styrktar stofninum. Með því að banna veiðar í

Nefndin treystir sér ekki til að meta hvaða þættir hafi valdið því að rjúpnastofninn er í þeirri stöðu sem hann er í dag. Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja í rannsóknum Náttúrufræðistofnunar er það afkoma rjúpna á fyrsta vetri sem er ráðandi í stofnsveiflum. Vaxtarhraði stofnsins þau ár sem hann er í uppsveiflu er nú mun minni (um 25% á ári) en fyrir 40 árum (var þá um 60% á ári). Af þessum sökum vex stofninn ekki eins mikið á síðustu áratugum og hámark verður mun lægra en áður. Frjósemi (viðkoma) rjúpna er hins vegar mikil og hefur ekki breyst svo séð verði um áratugaskeið. Það er því afar ólíklegt að afrán á varptíma, t.d. af völdum unga- eða eggjaræningja, eigi þátt í slakri stöðu stofnsins í dag. Bent hefur verið á að mink hafi fjölgað mikið síðastliðin 40 ár en erfitt er að fullyrða hvaða þátt afrán af völdum minka kunni að hafa haft á rjúpnastofninn.

Í nágrenni Reykjavíkur er mikið veiðiálag á rjúpum og þar eru sterkar vísbendingar, sem byggjast á rannsóknum Náttúrufræðistofnunarinnar Íslands, um veruleg staðbundin áhrif skotveiða á stofninn. Hliðstæðar rannsóknir hafa aðeins farið fram í Hrísey og leiddu þær í ljós mun lægra veiðiálag á rjúpu á því svæði.

Nefndin telur, að þrátt fyrir að nokkur vísindaleg óvissa sé um ástand og þróun rjúpnastofnsins, þá séu góðar og gildar ástæður til að hafa áhyggjur af ástandi hans. Lagt hefur verið til undanfarin fjögur ár að grípa til aðgerða til að draga úr veiðiálagi á rjúpnastofninn, a.m.k. á sumum svæðum. Byggist það fyrst og fremst á niðurstöðum rannsókna Náttúrufræðistofnunar sem verið hafa til umfjöllunar í nefndinni svo að segja árlega frá 1998. Það þarf því ekki að koma neinum á óvart að lagt sé til nú um að dregið verði úr rjúpnaveiðum með afgerandi hætti.

Að mati minnihluta nefndarinnar (APS og ÁÁJ) er rjúpnastofninn ekki í sögulegu lágmarki, sé miðað við fyrirliggjandi gögn, og alls ekki í útrýmingarhættu þótt topparnir séu lægri í dag en á fyrri hluta síðustu aldar. Vísbendingar eru um dýpri lægðir frá fyrri tíð og hugsanlegt að hámark á árunum 1970-80 hafi verið lægra en síðasta hámark. Minnihlutinn telur því hugsanlegt að ástand stofnsins í dag sé fullkomlega eðlilegt fyrirbæri og því sé engin ástæða að bregðast við í skyndingu. Meirihlutinn (HS, JÓH, KHS, TB og VH) telur að sterk rök séu fyrir því að rjúpnastofninn sé í yfirvofandi hættu, eins og fram kemur í greinargerð Náttúrufræðistofnunar, og að án aðgerða sé líklegt að stofninn veikist enn frekar á komandi árum.

Rjúpnaveiðar

Fjöldi manna sem veiðir rjúpur

Samkvæmt veiðiskýrslum veiddu að jafnaði um 5140 manns rjúpur ár hvert (1995-2000) og er lítil munur á rjúpnaveiði milli ára (bil: 5132-5405, sjá 1. töflu). Ekki er vitað hversu margir fara til rjúpna án þess að veiða nokkuð en talið er að það séu um 1000 manns skv. skoðanakönnun er gerð var á vegum Veiðistjóraembættisins síðastliðinn vetur (2002).

ætti að sjást fljótt í veiðitölum Veiðistjóra og jafnframt megi endurtaka mælingar SKOTVÍS á neyslu á rjúpum sem gerðar voru í nokkur ár frá 1993.

Tveir nefndarmenn (HS og JÓH) vilja alfriða rjúpuna en styðja þó aðrar aðgerðir til verndar stofninum eins og fram hefur komið. JÓH telur í ljósi þeirra upplýsinga sem koma í greinargerð Náttúrufræðistofnunar þá sé rjúpan í mikilli lægð og að veiðar hafi sitt að segja til að halda stofninum niðri. Að mati JÓH á rjúpan að njóta vafans og beri nefndinni að hafa hagsmuni hennar í fyrsta sæti en veiðimanna og neytenda í öðru. JÓH leggur því til alfriðun í fimm ár, en síðan tæki við sölubann, eins og ætti reyndar að gilda um alla villibráð. JÓH styður þó allar aðgerðir til verndar stofninum, verði tillögu hans hafnað.

Mælikvarði á árangur aðgerða

Helsti mælikvarði á árangur aðgerða að mati nefndarinnar er að verulega dragi úr veiðum á næstu árum. Nefndin treystir því að skotveiðimenn muni nú sem áður skila trúverðugum veiðiskýrslum. Með því að rýna í veiðiskýrslur ætti að mati meirihluta nefndarinnar (HS, JÓH, KHS, TB og VH) að vera hægt að greina sundur áhrif sölubanns (mun minni magnveiði) og styttingu veiðitímans (draga ætti úr veiði annarra veiðimanna).

Engin trygging er fyrir því að þær aðgerðir sem lagðar hafa verið til muni bera tilætlaðan árangur, þ.e. að rjúpnastofninn muni vaxa verulega umfram það sem hann hefur gert á undanförunum áratugum. Slíkt ætti þó að koma tiltölulega fljót í ljós, þ.e. innan nokkurra ára. Erfitt er að segja til um hversu mikið á að draga úr veiðum en nefndin telur að stefna eigi að minnka þær um allt að helming, þannig að heildarveiðin verði 50-70 þúsund rjúpur á ári. Ef veiðar takmarka vöxt stofnsins þá á vaxtarhraði hans að aukast verulega í kjölfar þess að dregið verði úr veiðum og hámark í rjúpnastofninum, sem er að vænta á næstu 5-7 árum, gæti orðið mun hærra en verið hefur um langa hríð.¹ Því telur nefndin nauðsynlegt að allar aðgerðir til að draga úr veiði, hverjar svo sem þær kunna að verða, standi í a.m.k. 5 ár.

AS bendir á að þó stofn vaxi hraðar í kjölfar þess að dregið verði úr veiði verður því ekki svarað hvort það er vegna minna veiðiálags nema með rannsóknum. Vaxtarhraði gæti breyst óháð veiðiálagi ef það er eitthvað annað en veiði sem takmarkar vöxtinn.

Rannsóknir

Nefndin telur brýnt að stunda rannsóknir og vöktun á rjúpnastofninum á næstu árum, bæði til að fylgjast náið með afkomu hans og eins til að unnt sé að meta árangur aðgerða. Nefndin telur því nauðsynlegt að samhliða ákvörðun um aðgerðir láti ráðuneytið vinna rannsóknaráætlun er miðist við að meta áhrif aðgerða og ástand stofnsins á hverjum tíma. Nauðsynlegt er að meta betur áhrif veiða á stofninn, t.d. með samanburðarrannsóknum á veiddu og friðuðu

¹ Miðað við sögu stofnsins undanfarna áratugi er líklegt að hann sé nú annað hvort í lágmarki eða mjög nálægt því og fari að vaxa aftur á næstu 1-2 árum.

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/11
komudagur. 25.10. 2002
28/11

Ráðgjafarnefnd um villt dýr

Alþingi
b.t. Umhverfisstofndar
150 Reykjavík

Reykjavík 23. október 2002

Tiliaga tii þingsályktunar um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum

Vísað er í bréf Umhverfisstofndar dags 21. október sl. þar sem óskað er um umsagnar um tillögu til þingsályktunar til verndar rjúpnastofninum, 11. mál. Þar er lagt til að umhverfisráðherra verði tafarlaust falið að grípa til aðgerða til verndar rjúpnastofninum og að veiðitími haustið 2002 verði 1. – 30. nóvember (í stað 15. október – 22. desember). Einnig er lagt til að haustið 2003 skuli metið hvort grípa verði til enn frekari aðgerða, svo sem sölubanns eða alfriðunar stofnsins um eitthvert árabíl.

Í greinargerð með þingsályktuninni er m.a. vísað í tillögur Náttúrufræðistofnunar sem Ráðgjafarnefnd um villt dýr hefur nýverið fjallað um, sbr. fylgiskjal. Þar kemur m.a. fram að skiptar skoðanir hafi verið innan nefndarinnar um aðgerðir til verndar rjúpunni en meirihlutinn leggur til að veiðitími verðir stytur og bundinn við 1. – 30. nóvember. Jafnframt leggur meirihluti nefndarinnar til að sett verði á sölubann á rjúpum. Þar sem Ráðgjafarnefnd um villt dýr hefur nýverið skilað ítarlegri umsögn um aðgerðir til verndar rjúpunni og fjallað um sömu álitamál og reifuð eru í greinargerð með þingsályktuninni, er vísað til meðfylgjandi álits.

Virðingarfyllst,



Kristinn Haukur Skarphéðinsson, formaður Ráðgjafarnefndar um villt dýr.

Fylgiskjal: Álit Ráðgjafarnefndar um villt dýr um aðgerðir vegna ástands rjúpnastofnsins dags. 13. september 2002.

Ráðgjafarnefnd um villt dýr

Umhverfiráðuneytið
Vonarstræti 4
150 Reykjavík

Reykjavík 13. september 2002

AÐGERÐIR VEGNA ÁSTANDS RJÚPNASTOFNSINS

Vísað er til erindis ráðuneytisins dags. 23. ágúst sl. þar sem óskað er álits nefndarinnar á tillögum Náttúrufræðistofnunar um aðgerðir vegna ástands rjúpnastofnsins. Náttúrufræðistofnun leggur til, í ljósi bágrar stöðu rjúpnastofnsins, að dregið verði verulega úr veiðum; annars vegar með því að banna verslun með rjúpu og hins vegar með því að stytta veiðitímamann niður í einn mánuð og að veiðar verði einungis heimilar frá 1. – 30. nóvember.

Nefndin ræddi þetta mál fullskipuð á tveimur fundum (2. og 9. september sl.) og tóku eftirtaldir þátt í afgreiðslu málsins: Arnór Þórir Sigfússon (APS), Áki Ármann Jónsson (ÁÁJ), Hafdís Sturlaugsdóttir (HS), Jóhann Óli Hilmarsson (JÓH), Kristinn Haukur Skarphéðinsson (KHS), Trausti Baldursson (TB) og Valgarður Hilmarsson (VH).

Á fyrri fundinum gerði Ólafur Karl Nielsen, fuglafræðingur, grein fyrir tillögum Náttúrufræðistofnunar. Nefndin fékk einnig til skoðunar bráðabirgða niðurstöður úr könnun sem gerð var meðal veiðimanna á vegum Veiðistjóraembættisins en þar koma fram nýjar upplýsingar um hegðun veiðimanna, sókn þeirra, sölu á villibráð og fleira. Jafnframt lét Veiðistjóraembættið í té upplýsingar úr veiðiskýrslum um rjúpnaveiði á undanförunum árum og skiptingu aflans milli einstakra hópa veiðimanna.

Nefndin var sammála um að reyna að draga úr veiði rjúpna en menn greindi á um hvaða aðgerðir væru heppilegastar og eins hvenær slíkar aðgerðir ættu að hefjast.

Staða rjúpnastofnsins

Í greinargerð Náttúrufræðistofnunar er lýst þróun rjúpnastofnsins. Tiltölulega góð og samfelld gögn liggja fyrir um síðustu 20 ár og síðan mismunandi góðar upplýsingar langt aftur. Svo virðist sem rjúpnastofninn hafi að jafnaði verið mun minni á síðustu áratugum en á fyrri hluta síðustu aldar. Erfitt er að fullyrða hvort stofninn sé í sögulegu lágmarki; stofnsveiflur og þar með rjúpnamergð er mun minni í hámarksárum nú en fyrir nokkrum áratugum en lágmarksárin virðast ekki vera lægri.

Nefndin treystir sér ekki til að meta hvaða þættir hafi valdið því að rjúpnastofninn er í þeirri stöðu sem hann er í dag. Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja í rannsóknum Náttúrufræðistofnunar er það afkoma rjúpna á fyrsta vetri sem er ráðandi í stofnsveiflum. Vaxtarhraði stofnsins þau ár sem hann er í uppsveiflu er nú mun minni (um 25% á ári) en fyrir 40 árum (var þá um 60% á ári). Af þessum sökum vex stofninn ekki eins mikið á síðustu áratugum og hámark verður mun lægra en áður. Frjósemi (viðkoma) rjúpna er hins vegar mikil og hefur ekki breyst svo séð verði um áratugaskeið. Það er því afar ólíklegt að afrán á varptíma, t.d. af völdum unga- eða eggjaræningja, eigi þátt í slakri stöðu stofnsins í dag. Bent hefur verið á að mink hafi fjölgað mikið síðastliðin 40 ár en erfitt er að fullyrða hvaða þátt afrán af völdum minka kunni að hafa haft á rjúpnastofninn.

Í nágrenni Reykjavíkur er mikið veiðiálag á rjúpum og þar eru sterkar vísbendingar, sem byggjast á rannsóknum Náttúrufræðistofnunarinnar Íslands, um veruleg staðbundin áhrif skotveiða á stofninn. Hliðstæðar rannsóknir hafa aðeins farið fram í Hrísey og leiddu þær í ljós mun lægra veiðiálag á rjúpu á því svæði.

Nefndin telur, að þrátt fyrir að nokkur vísindaleg óvissa sé um ástand og þróun rjúpnastofnsins, þá séu góðar og gildar ástæður til að hafa áhyggjur af ástandi hans. Lagt hefur verið til undanfarin fjögur ár að grípa til aðgerða til að draga úr veiðiálagi á rjúpnastofninn, a.m.k. á sumum svæðum. Byggist það fyrst og fremst á niðurstöðum rannsókna Náttúrufræðistofnunar sem verið hafa til umfjöllunar í nefndinni svo að segja árlega frá 1998. Það þarf því ekki að koma neinum á óvart að lagt sé til nú um að dregið verði úr rjúpnaveiðum með afgerandi hætti.

Að mati minnihluta nefndarinnar (APS og ÁÁJ) er rjúpnastofninn ekki í sögulegu lágmarki, sé miðað við fyrirliggjandi gögn, og alls ekki í útrýmingarhættu þótt topparnir séu lægri í dag en á fyrri hluta síðustu aldar. Vísbendingar eru um dýpri lægðir frá fyrri tíð og hugsanlegt að hámark á árunum 1970-80 hafi verið lægra en síðasta hámark. Minnihlutinn telur því hugsanlegt að ástand stofnsins í dag sé fullkomlega eðlilegt fyrirbæri og því sé engin ástæða að bregðast við í skyndingu. Meirihlutinn (HS, JÓH, KHS, TB og VH) telur að sterk rök séu fyrir því að rjúpnastofninn sé í yfirvofandi hættu, eins og fram kemur í greinargerð Náttúrufræðistofnunar, og að án aðgerða sé líklegt að stofninn veikist enn frekar á komandi árum.

Rjúpnaveiðar

Fjöldi manna sem veiðir rjúpur

Samkvæmt veiðiskýrslum veiddu að jafnaði um 5140 manns rjúpur ár hvert (1995-2000) og er lítill munur á rjúpnaveiði milli ára (bil: 5132-5405, sjá 1. töflu). Ekki er vitað hversu margir fara til rjúpna án þess að veiða nokkuð en talið er að það séu um 1000 manns skv. skoðanakönnun er gerð var á vegum Veiðistjóraembættisins síðastliðinn vetur (2002).

Heildarveiði

Heildarveiði á rjúpum er tiltölulega stöðug og var að jafnaði um 147 þúsund rjúpur á ári 1995 - 2000 (128.000 - 164.000). Líkur eru á að veiðin 2001 verði mun minni eða um 100 – 110.000 fuglar skv. mati Veiðistjóra en ekki hafa allir veiðimenn skilað skýrslum fyrir árið 2001 (sjá 1. töflu). Karravísitölur á árunum 1995-2001 benda til þess að rjúpnastofninn á árunum 1995-2001 hafi verið þrisvar til fjórum sinnum stærri í toppi en í lægð. Veiðiálag á rjúpnastofninn er því hlutfallslega miklu meira þegar stofninn er í lægð en þegar hann er í hámarki.

1. tafla. Rjúpnaveiði og rjúpnaveiðimenn 1995 –2001. Byggt á veiðiskýrslum.

Ár	Fjöldi veiðimanna sem veiddu rjúpur	Fjöldi veiddra rjúpna	Meðalveiði þeirra sem veiddu amk. eina rjúpu
1995	5330	123.392	23 rjúpur**
1996	5335	158.029	30 rjúpur**
1997	5405	164.220	30 rjúpur**
1998	-	158.223	-
1999	-	149.301	-
2000	5132	128.154	25 rjúpur**
2001	4286*	93.751	22 rjúpur**

* Bráðabirgðatölur – eftir er að skila um 1.000 veiðiskýrslum.

** Miðgildi er mun lægra eða um eða innan við 5 rjúpur á hvern veiðimann.

Magnveiði

Samkvæmt skýrslum er hlutfall þeirra sem veiða meira en 50 rjúpur (magnveiði) nokkuð breytilegt: 11-15% veiðimanna teljast til þessa hóps og virðist hlutfall þeirra vera hæst þegar mest er af rjúpu. Þessir svokölluðu magnveiðimenn veiða 48 - 59% af heildaraflanum. Þeir sem veiða meira en 100 rjúpur ár hvert eru 3 - 6% veiðimanna (byggt á upplýsingum úr veiðiskýrslum).

Þróun rjúpnaveiði

Að mati ráðgjafarnefndar um villt dýr er sennilegt að sóknargeta veiðimanna hafi breyst á undanförunum áratugum:

- Menn komst nú nánast hvert á land sem er til rjúpnaveiða.
- Skotvopnaeign hefur vaxið á síðari árum en óvíst hvort veiðimönnum hafi fjölgað að sama skapi. Lítil breyting hefur orðið á fjölda þeirra sem stunda veiðar síðan 1995, skv. veiðiskýrslum.
- Sótt er í auknum mæli til veiða með utanvegakstri, á bílum, fjórhjólum, torfæruhjólum og vélsleðum.
- Hálfsjálfvirkum fjölskotabyssum og pumpum hefur fjölgað gífurlega.
- Löggæsla hefur ekki verið í takt við aukna sókn.

Þetta kann að hafa leitt til þess að rjúpan er berskjaldaðri fyrir veiðum nú en fyrir nokkrum áratugum.

Er ástæða til aðgerða vegna stöðu rjúpnastofnsins?

Að mati meirihluta ráðgjafarnefndar um villt dýr (HS, JÓH, KHS, TB og VH) eru nægar vísbendingar um bága stöðu rjúpnastofnsins og telur meirihlutinn því nauðsynlegt að gripið verði til aðgerða til að rétta stöðu stofnsins. Einnig telur meirihluti nefndarinnar ástæðu til að hafa áhyggjur af stöðu fálkastofnsins en hann fylgir rjúpnastofninum eftir eins og skuggi. Minnihluti nefndarinnar (AÞS og ÁÁJ) telur að rjúpnastofninn sé ekki endilega í yfirvofandi hættu og því sé ekki ástæða til brýnna aðgerða. Minnihlutinn telur þó að rjúpan eigi að njóta vafans og því eigi að reyna að draga úr veiðialagi með sölubanni á veiddum fuglum.

Nefndin er sammála þeirri niðurstöðu Náttúrufræðistofnunar að til skemmri tíma sé stjórnun veiða besta stjórn tækið sem gæti komið að gagni til að styrkja stöðu rjúpnastofnsins. Minnihluti nefndarinnar (AÞS og ÁÁJ) telur að ekki liggi ljóst fyrir að minni veiði muni styrkja rjúpnastofninn og að frekari rannsókn sé þörf til að renna stoðum undir slíka fullyrðingu.

Aðgerðir

Nefndin er sammála um að stefna beri að því að draga verulega úr veiðum á rjúpu á næstu árum. Meirihlutinn (HS, JÓH, KHS, TB og VH) telur nauðsynlegt að reyna að taka eins stórt skref og kostur er, án þess þó að taka með öllu fyrir rjúpnaveiði. Skiptar skoðanir voru meðal nefndarmanna um til hvaða aðgerða ætti að grípa til verndar stofninum og er afstaða einstakra nefndarmanna tíunduð í 2. töflu.

Meirihluti nefndarinnar (AÞS, ÁÁJ, JÓH, KHS, TB og VH) tekur undir þá skoðun Náttúrufræðistofnunar, Skotveiðifélags Íslands o.fl. að rjúpnaveiðar eigi fyrst og fremst að vera tómstundagaman en telur jafnframt að allir veiðimenn verði tímabundið að taka á sig einhverjar byrðar ef reyna á að styrkja stöðu rjúpnastofnsins. Meirihlutinn (AÞS, ÁÁJ, JÓH, KHS, TB og VH) leggur til að sett verði **bann við verslun með rjúpur** og þá með sama hætti og nú gildir með æðaregg, þ.e. að bannað verði að selja rjúpur, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf. Til að slíkt bann beri tilætlaðan árangur þarf að fylgja því vel eftir og jafnframt þarf að hvetja fólka til að draga úr neyslu á rjúpum og minnka þarf eftirspurn samhliða banni við því að falbjóða forboðna vöru. Nefndin telur að það muni taka nokkurn tíma að festa sölubann í sessi og því sé ekki mikils árangurs að vænta af því fyrir en eftir nokkur ár. Fordæmi er fyrir því að banna verslun með afurðir villtra dýra hér á landi, sbr. bann við sölu æðareggja.

Einn nefndarmaður (AÞS) styður sölubann en leggur til að það taki ekki gildi fyrir en næsta ár (2003). Með því móti yrði tryggt að þeir sem sitja nú uppi með óseldar rjúpur frá í fyrra geti losað sig við þær. Aðrir nefndarmenn telja að miðað við mikla eftirspurn eftir rjúpum á síðasta ári geti vart verið um miklar birgðir að ræða. AÞS bendir einnig á að ákvörðun um jafnvíðtækar aðgerðir eigi að tilkynna með fyrirvara, slíkt sé dæmi um góða stjórnsýslu. AÞS telur að engar nýjar upplýsingar hafi komið fram nú í sumar og haust sem krefjast þess að brugðist sé við í skyndingu.

2. tafla. Afstaða nefndarmanna gagnvart aðgerðum til verndar rjúpnastofninum.

Nefndarmaður	Tilnefndur af	Hlynntur alfriðun	Hlynntur styttingu veiðitíma	Hlynntur sölubanni
Áki Ármann Jónsson	Embætti Veiðistjóra	Nei	já (15.10. -1.12.) - taki gildi eftir 3 ár	Já
Arnór Þórir Sigfússon	Skotveiðifélagi Íslands	Nei	Nei	Já - sem taki gildi á næsta ári
Hafdís Sturlaugsdóttir	Bændasamtökum Íslands	Já	já (1. -30.11.)	Nei
Jóhann Óli Hilmarsson	Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands	Já	já (1. -30.11.)	Já
Kristinn Haukur Skarphéðinsson	Náttúrufræðistofnun Íslands	Nei	já (1.-30.11)	Já
Trausti Baldursson	Náttúruvernd ríkisins	Nei	já (1.11.-15. 12.)	Já
Valgarður Hilmarsson	Sambandi íslenskra sveitarfélaga	Nei	já (1.-30.11)	Já
Samtals hlynntir		2 af 7	6 af 7	6 af 7

Það er mat Veiðistjóra (ÁAJ), sem byggt er á skoðanakönnun meðal veiðimanna síðastliðinn vetur (2002), að sölubann á rjúpum gæti í besta falli dregið úr veiði um 15-20%.

Minnihluti nefndarinnar (HS) er andvígur banni við sölu á rjúpum. HS telur ekki siðferðilega rétt að líta öðrum augum á sportveiði en markaðsveiði. Auk þess sé verið að hafa af mönnum hlunnindi sem nýtt hafa verið um árhundruð. HS álitur einnig að sölubann sé brot á 75. gr stjórnarskrárinnar (sem fjallar um atvinnufrelsi) að setja á sölubann á villibráð sem heimilt er að veiða. Loks telur minnihlutinn að svartamarkaðsbrask muni aukast með sölubanni og erfitt yrði að greina á milli árangurs aðgerða ef bæði yrði farið í sölubann og styttingu veiðitíma. Meirihluti nefndarinnar (AÞS, ÁAJ, JÓH, KHS, TB og VH) telur að veiðiréttareigendur geti í stað þess að veiða sjálfir leigt land sitt til rjúpnaveiði og haft þar með stjórn á veiðum og drjúgar tekjur. Meirihlutinn treystir ráðuneyti og löggjafa til að setja reglur um sölu sem eru í samræmi við lög og stjórnarskrá.

Auk sölubanns leggur meirihluti nefndarinnar (HS, JÓH, KHS, TB og VH) til að **veiðitími á rjúpum verði stytur** til að tryggja að verulega dragi úr veiðum sem fyrst. Meirihlutinn telur að það muni taka nokkurn tíma fyrir sölubann að ná fullum árangri og jafnframt þurfi allir veiðimenn, ekki einungis magnveiðimenn, að taka á sig byrðar til styrktar stofninum. Með því að banna veiðar í

október telur meirihluti nefndarinnar að minni líkur séu á því að rjúpan verði berskjölduð fyrir veiðum á auðri jörð. Auk ofangreindra ástæðna fyrir styttingu veiðitíma telur TB að landið þoli betur umferð ökutækja á rjúpnaslóð eftir því sem lengra líður á haustið og meira fer að snjóa.

Nokkuð skiptar skoðanir voru meðal nefndarmanna um útfærslur á þessum aðgerðum. TB telur rétt að leyfa veiðar fram í desember, þ.e. að veiðitíminn verði frá 1. nóvember til 15. desember. Með því móti dreifist sóknarþunginn betur, þ.e. á sex vikur í stað fjögurra. ÁÁJ leggur til að ef á annað borð verði farið í slíkar aðgerðir þá verði það ekki gert fyrr en í fyrsta lagi eftir 3 ár og þá verði einungis tekið aftan af nógildandi veiðitíma (frá og með 1. desember).

Meirihlutinn (HS, JÓH, KHS, TB og VH) telur að stytting veiðitímans muni leiða til minni rjúpnaveiði svo fremi sem veiðimenn sætti sig við aðgerðir. Ef veiðimenn ætla sér að veiða jafnmargar rjúpur á styttri veiðitíma þýðir það að þeir verða að auka verulega sókn sína frá því sem nú er. Með því móti væru þeir að hunsa tilraun stjórnvalda til að beita mildum aðgerðum til verndar rjúpunni. Slíkt gæti leitt til þess að gripið yrði til harkalegri aðgerða svo sem til tímabundinnar alfriðunar.

Meirihlutinn telur að sterkar vísbendingar hafa fengist úr rannsóknum í nágrenni Reykjavíkur um að skotveiði bætist við náttúruleg afföll rjúpna og því þurfi hugsanlega ekki að draga mikið úr veiði til að þess sjáist merki, sérstaklega þegar haft er í huga hversu lítil munur er á lífslíkum rjúpna þegar stofninn er í vexti og þegar rjúpum fækkar. Meirihlutinn telur að til greina komi að ákvæði um styttingu veiðitímans taki ekki gildi fyrr en að ári, líkt og Náttúrufræðistofnun hefur bent á í greinargerð sinni. Með því móti væri tryggt að þeir sem gert hefðu bindandi ráðstafanir í samræmi við nógildandi reglur yrðu ekki fyrir óþægindum.

Minnihluti nefndarinnar (APS og ÁÁJ) er mótfallinn því að stytta veiðitímamann og telur það rökvillu að taka framan af honum þar sem afföll rjúpna séu mikil fyrst á haustin. Rannsóknir Náttúrufræðistofnunar hafa sýnt að afföll í Úlfarsfelli geta verið allt að 15% frá 15. október til 1. nóvember og enn meiri í fækkunarárum í Hrísey (27%). Af því leiðir að með því að taka framan af veiðitímanum er verið að veiða úr mun minni stofni en ella. Ef veiðimenn ná að bæta sér upp styttingu á veiðitíma að miklu eða öllu leiti með því að auka veiði þann tíma sem þær eru leyfðar gætu afleiðingarnar verið hlutfallslega meiri veiði úr stofninum en ella. Í þessu ljósi er athyglisvert að sjá að þó stofninn sé 2 - 3 sinnum stærri í hámarksári en í lágmarksári, sé miðað við síðustu sveiflu þar sem veiðitölur eru jafnframt þekktar, dregur e.t.v. úr veiði um 40%. Stytting á veiðitíma gæti því leitt til verra ástands stofnsins.

Minnihlutinn (APS og ÁÁJ) telur ósannað að skotveiðar bætist við náttúruleg afföll og það að draga úr veiðum myndi leiða til meiri vaxtarhraða stofns og þar með stærri toppa í hámarksárum. Minnihlutinn telur að vel sé hugsanlegt að eitthvað annað en veiði stjórni vaxtarhraða rjúpnastofnsins og því óvíst að það að takmarka veiðar hafi mikil áhrif. Minnihlutinn telur að bann við sölu á rjúpum eigi að taka gildi á næsta ári og þeirri aðgerð verða að fylgja eftir með rannsóknum til að meta megi áhrif bannsins. Árangur þess til að draga úr veiði

ætti að sjást fljótt í veiðitölum Veiðistjóra og jafnframt megi endurtaka mælingar SKOTVÍS á neyslu á rjúpum sem gerðar voru í nokkur ár frá 1993.

Tveir nefndarmenn (HS og JÓH) vilja alfriða rjúpuna en styðja þó aðrar aðgerðir til verndar stofninum eins og fram hefur komið. JÓH telur í ljósi þeirra upplýsinga sem koma í greinargerð Náttúrufræðistofnunar þá sé rjúpan í mikilli lægð og að veiðar hafi sitt að segja til að halda stofninum niðri. Að mati JÓH á rjúpan að njóta vafans og beri nefndinni að hafa hagsmuni hennar í fyrsta sæti en veiðimanna og neytenda í öðru. JÓH leggur því til alfriðun í fimm ár, en síðan tæki við sölubann, eins og ætti reyndar að gilda um alla villibráð. JÓH styður þó allar aðgerðir til verndar stofninum, verði tillögu hans hafnað.

Mælikvarði á árangur aðgerða

Helsti mælikvarði á árangur aðgerða að mati nefndarinnar er að verulega dragi úr veiðum á næstu árum. Nefndin treystir því að skotveiðimenn muni nú sem áður skila trúverðugum veiðiskýrslum. Með því að rýna í veiðiskýrslur ætti að mati meirihluta nefndarinnar (HS, JÓH, KHS, TB og VH) að vera hægt að greina sundur áhrif sölubanns (mun minni magnveiði) og styttingu veiðitímans (draga ætti úr veiði annarra veiðimanna).

Engin trygging er fyrir því að þær aðgerðir sem lagðar hafa verið til muni bera tilætlaðan árangur, þ.e. að rjúpnastofninn muni vaxa verulega umfram það sem hann hefur gert á undanförunum áratugum. Slíkt ætti þó að koma tiltölulega fljót í ljós, þ.e. innan nokkurra ára. Erfitt er að segja til um hversu mikið á að draga úr veiðum en nefndin telur að stefna eigi að minnka þær um allt að helming, þannig að heildarveiðin verði 50-70 þúsund rjúpur á ári. Ef veiðar takmarka vöxt stofnsins þá á vaxtarhraði hans að aukast verulega í kjölfar þess að dregið verði úr veiðum og hámark í rjúpnastofninum, sem er að vænta á næstu 5-7 árum, gæti orðið mun hærra en verið hefur um langa hríð.¹ Því telur nefndin nauðsynlegt að allar aðgerðir til að draga úr veiði, hverjar svo sem þær kunna að verða, standi í a.m.k. 5 ár.

AS bendir á að þó stofn vaxi hraðar í kjölfar þess að dregið verði úr veiði verður því ekki svarað hvort það er vegna minna veiðiálags nema með rannsóknum. Vaxtarhraði gæti breyst óháð veiðiálagi ef það er eitthvað annað en veiði sem takmarkar vöxtinn.

Rannsóknir

Nefndin telur brýnt að stunda rannsóknir og vöktun á rjúpnastofninum á næstu árum, bæði til að fylgjast náið með afkomu hans og eins til að unnt sé að meta árangur aðgerða. Nefndin telur því nauðsynlegt að samhliða ákvörðun um aðgerðir láti ráðuneytið vinna rannsóknaráætlun er miðist við að meta áhrif aðgerða og ástand stofnsins á hverjum tíma. Nauðsynlegt er að meta betur áhrif veiða á stofninn, t.d. með samanburðarrannsóknum á veiddu og friðuðu

¹ Miðað við sögu stofnsins undanfarna áratugi er líklegt að hann sé nú annað hvort í lágmarki eða mjög nálægt því og fari að vaxa aftur á næstu 1-2 árum.

svæði og fá úr því skorið hvort og þá að hve miklu leyti veiðar séu til viðbótar náttúrulegum afföllum. Tryggja þarf nauðsynlegt fé til þessara rannsókna og fylgja friðunaraðgerðum eftir þannig að ljóst megi vera á hverjum tíma hver árangur friðunar kann að vera fyrir viðgang stofnsins.

Einnig má mæla áhrif sölubanns með öðrum hætti, sbr. neyslukannanir sem Skovís stóð fyrir á sínum tíma og eins vinna frekar úr þeim gögnum sem safnast hafa, þar á meðal úr rjúpnamerkingum í Hrísey.

Niðurstaða


Meirihluti ráðgjafarnefndar um villt dýr mælir með því að tillögur Náttúrufræðistofnunar verði samþykktar, en einstakir nefndarmenn gera fyrirvara um tímasetningu aðgerða og umfang eins og fram hefur komið. Meirihlutinn telur einnig mikilvægt að teknar verði ákvarðanir sem fyrst um aðgerðir og þær verði festar í sessi nú á haustdögum með nauðsynlegum breytingum á reglugerðum eða lögum eftir því sem við á.

1. Meirihlutinn (AÞS, ÁÁJ, JÓH, KHS, TB og VH) leggur til að sett verði á ótímabundið bann við sölu á rjúpum. Slíkt bann yrði að orða á hliðstæðan hátt og gert er í lögum nr. 64/1994 varðandi æðaregg, þ.e. leggja bann við að kaupa rjúpur, selja, gefa eða þiggja að gjöf. Fjórir þeirra (JÓH, KHS, TB og VH) leggja til að bannið taki gildi fyrir veiðitíma haustið 2002 en tveir (AÞS og ÁÁJ) leggja til að bannið taki ekki gildi fyrr en haustið 2003. Minnihlutinn (HS) er andvígur sölubanni.
2. Meirihlutinn (HS, JÓH, KHS, TB og VH) leggur til að veiðitími á rjúpu verði stytur næstu 5 árin og bundinn við nóvember. Einstakir nefndarmenn gera fyrirvara um tímasetningu aðgerða og umfang eins og fram hefur komið. Minnihlutinn (AS og ÁÁJ) leggst gegn styttingu veiðitímans.
3. Minnihlutinn (HS og JÓH) leggur til að rjúpan verði alfriðuð um nokkurra ára skeið en styður jafnframt styttingu veiðitíma (HS, JÓH) og sölubann (JÓH).

Virðingarfyllt,

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, form.

Alþingi
Erindi nr. þ 128/232
komudagur 21.11.2002



SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 18. nóvember 2002.

Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.

**Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndar
rjúpnastofninum.**

Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 14. nóvember
s.l., var tekið fyrir erindi yðar dags. 21. okt. 2002 þar sem óskað var umsagnar um
tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“ Stjórnin tekur ekki afstöðu til þingsályktunarinnar.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Guðjón Guðmundsson framkv.stj.

28.10.2002

Umhverfisnefnd Alþingis.

Umsögn SKOTVÍS um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndar rjúpnastofninum. Flutningsmaður Steingrímur J. Sigfússon.

Skotveiðifélag Íslands telur frumvarpið of seint fram komið. Veiðimenn, ferðaþjónustubændur og aðrir hafa nú þegar skipulagt tíma sinn og því ekki gerlegt að grípa til róttækra aðgerða á þessu stigi málsins. Þá vill félagið benda á það að rjúpnastofninn er ekki í útrýmingarhættu og að í bígerð eru nokkuð róttækar aðgerðir í undirbúningi af hálfu Umhverfissráðuneytisins. Sátt er um þessar aðgerðir meðal sérfræðinga og skotveiðimanna og munu þær ná til næstu 5 ára. Þá skal á það bent að SKOTVÍS hélt alþjóðlega rjúpnaráðstefnu 5. október síðast liðinn og er félagið að vinna upplýsingar út frá þeim staðreyndum sem þar komu fram. Þessar upplýsingar, auk skoðanakönnunar veiðistjóra sem nú er að ljúka og talninga næstkomandi vor, munu veita enn frekar upplýsingar um rjúpnaveiðar og ástand stofnsins og út frá þeim upplýsingum verður þá hægt að athuga aðrar aðferðir en þær sem nú hafa komið fram til veiðistjórnunar.

Sigmar B. Hauksson
formaður SKOTVÍS

Skotveiðifélag Íslands
Laugavegur 103, 105 Reykjavík



Alþingi
Erindi nr. P 128/526
komudagur 4.12.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Áki Ármann Jónsson
akijons@veidistjori.is

Dags.
04.12.02

Tilv. vor
rjúpa 1002

Bréf yðar dags.
21.10.02


Tilv. yðar

Efni: Aðgerðir til verndar rjúpnastofninum

Vísað er í innsent erindi dags. 21.10.2002.

Rjúpnastofninn sveiflast náttúrulegri stofnsveiflu með lágmark á 7-13 ára fresti. Árið 2002 er rjúpnastofninn í lágmarki en það lágmark er ekki lægra en áður hefur komið í stofninum sbr. árin 1947-8, 1962-3, 1971-2 og 1992-3. Reyndar var lágmarkið 1947 svo svæsið að menn töldu að rjúpunni hefði verið útrýmt.

Það sem hefur hinsvegar vakið athygli líffræðinga er að hámörkin virðast vera að lækka og virðist sú breyting hafa átt sér stað eftir 1945. Þetta fyrirbrigði er ekki bundið við íslenska rjúpnastofninn heldur sést þetta víða á norðurhveli jarðar, t.d. Svíþjóð, Noregi og Skotlandi. Ekki er vitað hvað þessu veldur en menn hafa bent á hlýnandi veðurfar, aukna mengun, innfluttar afránstegundir (minkur) og stórvirkari veiðivopn. Orsakavaldurinn gæti verið ein af þessum, samverkandi áhrif allra eða jafnvel einhver allt önnur ástæða sem er okkur hulinn sem stendur.



Því hefur komið upp í umræðunni hvort ekki sé nauðsynlegt að grípa til aðgerða til þess að ná upp næsta toppi hjá rjúpunni, semsagt aðgerðirnar miða að því að hækka næsta topp rjúpunnar en EKKI að ná henni upp úr lágmarki.

Veiðistjóraembættið stóð fyrir skoðanakönnun eftir áramót 2002 m.a. til þess að reyna að fylla upp í þau þekkingargöt sem hingað til hafa komið í veg fyrir að hægt sé að stunda vitræna veiðistjórnun á rjúpu. Úrvinnsla niðurstaðna er nýbyrjuð en rjúpnakaflinn hefur fengið forgang vegna þeirrar umræðu sem hefur verið í gangi nú í haust.

Skoðanakönnun Veiðistjóra 2001

1.000 veiðikorthafar af 17.000 voru dregnir út tilviljanakennt og sent bréf eða tölvupóstur og þeir beðnir um að taka þátt í könnun. Af 1.000 veiðikorthöfum svöruðu 643 eða 65%.

1. Hefur þú einhverntímann farið á rjúpnaveiðar ?

Já sögðu 557 af 643 sem svöruðu könnuninni

af þeim sögðust 273 fara á hverju ári, 12 annað hvert ár, 237 Sjaldnar

heildarfjöldi veiðidaga 2001 = 1289

Október	471 dagar	160 manns	2,94 dagar pr. mann
F. HL. Nóvember	309 dagar	122 manns	2,53
S. HL. Nóvember	254 dagar	101 manns	2,51
Desember	257 dagar	97 manns	2,65

264 gengu til rjúpna árið 2001, 213 veiddu rjúpur árið 2001 og veiddu þeir samtals 5.248 rjúpur.

af þessum 213 sögðust 29 selja rjúpu einhverntíma, þeir veiddu 2.256 rjúpur samtals, veiðidagar voru 232

af þessum 29 sögðust 16 hafa selt rjúpu 2001

Þessir 16 veiddu samtals 2.102, seldu 1.431 af þeim og gáfu 386, veiðidagar voru 216

heildarfjöldi veiðidaga 216

Október	85 dagar	16 manns	5,31 dagar pr. mann
F. HL. Nóvember	42 dagar	16 manns	2,63 dagar pr. mann
S. HL. Nóvember	50 dagar	16 manns	3,13 dagar pr. mann
Desember	39 dagar	16 manns	2,44 dagar pr. mann

Ef við gefum okkur að það séu 5.000 rjúpnaveiðimenn sem skila inn veiðitölum þá má margfalda þessar tölur með c. 23,5 þannig að sala á rjúpum haustið 2001 hafi numið 33.628 stykkjum. Heildarveiðin árið 2001 verður um 100.000 rjúpur þannig að um 33% af öllum veiddum rjúpum það árið voru seldar.

Þeir sem seldu ekki 2001 eða 248 manns,

þeir veiddu samtals 3.134, gáfu 1.025, veiðidagar voru 1.074

2. Hvað ræður því hversu oft þú ferð til veiða ?

Frítíminn		270
Veðrið		249
Fer eins oft og þarf til þess að ná ákveðnum fjölda rjúpna		124
Ákveðinn fjöldi ferða óháð veiði		34
Meiri veiðivon		13

3. Hvaða aðgerða viltu grípa til EF.....Allir spurðir, líka þeir sem aldrei höfðu veitt rjúpu.

Stytta veiðitímabilið	267	Aftan af 103	framan af 205
Banna sölu til veitingahúsa og verslana	230		
Setja á svæðisbundna friðun	211		
Banna hálfsjálfvirkar byssur og pumpur	144		
Banna almennt sölu rjúpna		123	
Setja kvóta	113		
Setja á alfriðun í tiltekinn árafjölda		111	

STYTTING VEIÐITIMANS:

1. Minni veiðistofn en 15. október vegna náttúrulegra affalla.

Skv. rannsóknum Dr. Olafs K. Nielsen er veiðistofninn 20% minni 1. nóvember. Leiða má líkum að því að "jólamatmarkaðurinn" þurfi um 100.000 rjúpur. Ef veiðistofn 15. október er 300.000

fuglar (JGO) þá er veiði upp á 100.000 fugla 33% veiðialag. Þann 1. nóvember er sami veiðistofn orðinn 240.000 fuglar og veiði upp á 100.000 fugla er veiðialag upp á 42%.

Með þessari styttingu eykst veiðialagið um 9% strax.

2. Síðan má taka inn i jöfnuna aukið álag a veiðistofninn, fleiri menn á styttri tíma.
3. Raunhæft má telja að á móti komi minna veiðialag upp á 1289 d / 250 d= 19,4% ef vel tekst til.
4. Heildarniðurstaðan er því minna veiðialag upp á 10% mínus ahrifin af aukinni ánaud af veiðislóð.

HEILDARNIÐURSTAÐA.

Í besta falli 5-10 prósent.

Á rjúpnaráðstefnu SKOTVÍS sem haldinn var 5. október sl. var athyglisvert að ALLIR erlendu sérfræðingarnir lögðust gegn styttingu veiðitíma framan frá en voru meðmæltari styttingu aftan frá, sem sagt að hætta 1. des.

SÖLUBANN


1. Sala á rjúpu er um 33% a ári skv. könnun 2001.
2. Á móti kemur einkasala a milli manna.
3. Raunhæft að áætla minnkun á sölu um helming, sérstaklega ef því yrði fylgt vel á eftir með siðfræðiboðskap.
4. Það gæti tekið 1-3 ár fyrir sölubann að ná fullri virkni sbr. reynslu grannþjóða okkar af slíkri aðgerð. Því væri heppilegast að sölubannið næði yfir 10 ára tímabil hið minnsta.

HEILDARNIÐURSTAÐA.

15-20% minnkun veiðialags.

Veiðistjóri vonar að ofangreint verði nefndinni til upplýsingar og biðst afsökunar á því hversu seint svarið berst en fyrir lítið embætti þá er aðalveiðitíminn+Umhverfisstofnun+rjúpnaumræða+allt annað bara of stór biti í háls.

Með bestu kveðju,



Áki Ármann Jónsson
Veiðistjóri